

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	<b>SKÝRSLA</b> YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNÆÐUR	R L S	
Skýrslu gerir Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi		Mál nr. 006-2002-00086	V/4.10
Staður og stund: Skrifstofa efnahagsbrotadeildar, föstudaginn 27. ágúst 2004. Klukkan 14:25			
Sakarefni: Umboðssvik (249. gr. alm.hgl.) - ólögmætar lánveitingar (104. gr. 2/1995) – ætluð brot á lögum um ársreikninga.			
Vitni: Jón Ásgeir Jóhannesson		Kennitala: 270168-4509	
Starf/staða: Forstjóri		Vinnusími: 696 9999	
Lögheimili: Laufásvegi 69, 101 Reykjavík		Sími:	
Dvalarstaður:		Sími:	
Kynnt tilefni yfirheyrslunnar, vitnaskylda og ábyrgð.			

Jón Ásgeir er mættur á skrifstofu efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjórans skv. boðun, ásamt skipuðum verjanda sínum Gesti Jónssyni hrl.

Honum er kynnt ástæða skýrslutökunnar sem varðar rannsókn lögreglu á ætluðum umboðssvikum og ólögmætum lánveitingum Jóns Ásgeirs í tengslum við viðskipti Baugs við Fjárfar ehf. Jóni Ásgeiri er kynnt að honum sé ekki skylt að svara spurningum um eigið sakarefni en brýnt fyrir honum að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kanna að skipta.

Jón Ásgeir kveðst skilja þessi réttarfarsákvæði.

#### Lánveitingar til Fjárfars ehf. 2000 - 2001:

Jóni Ásgeiri er kynnt að þær lánveitingar sem um ræðir og eru m.a. tilefni þessarar skýrslutöku hafi átt sér stað á tímabilinu frá maí 2000 til febrúar 2001. Mun hann nú verða spurður nánar um þær:

#### 16.05.2000: "Hlutafé í Baugi selt Fjárfari, 5m \* 12,9"

Undir Jón Ásgeir er borið fylgiskjal 8.4 sem er hluti af skýrslu SRS. Um er að ræða kaupsamning á milli Baugs sem seljanda og Fjárfars sem kaupanda að 5.000.000 hlutum í Baugi samtals að fjárhæð kr. 64.500.000. Jón Ásgeir ritar undir samninginn fyrir hönd Baugs en Helgi Jóhannesson f.h. Fjárfars. Jón Ásgeir er spurður hvort hann þekki þennan samning og geti staðfest undirritun sína á honum. Einnig er hann spurður hvort hann viti hver hafi útbúið þennan samning.

Jón Ásgeir kveðst kannast við þennan samning og staðfesta undirritun sína á samningnum, en hann kveðst ekki vita hver hafi sett samninginn upp.

Jón Ásgeir er beðinn um að skýra frá þessum viðskiptum og aðdraganda þeirra.

Jón Ásgeir segir að um sé að ræða viðskipti með hlutabréf í Baugi. Varðandi aðdraganda viðskiptanna þá kveðst Jón Ásgeir ekki muna það vel eftir þeim til þess að geta skýrt þau nánar.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann hafi átt beinan þátt í þessum viðskiptum.

Jón Ásgeir kveðst hafa skrifað undir samninginn, en kveðst ekki geta gert nánari grein fyrir aðkomu sinni að þeim. Hann kveðst vísa til fyrri svara sinna hjá lögreglu varðandi þessi viðskipti.

Aðspurður um það hver hafi komið fram fyrir hönd Fjárfars í þessum viðskiptum þá segir Jón Ásgeir að það hafi verið Helgi Jóhannesson, enda hafi Helgi undirritað samninginn fyrir hönd Fjárfars.

07098

Jón Ásgeir er spurður hvort einhverjir lánasamningar hafi verið gerðir vegna þessara viðskipta Baugs og Fjárfars.

Jón Ásgeir kveðst ekki minnst þess hvort gerðir hafi verið lánasamningar við þessi viðskipti við Fjárfar.

Jón Ásgeir er kynnt að svo virðist sem stofnað hafi verið til skuldar Fjárfars við Baug með þessum viðskiptum og ekki hefur verið lagður fram neinn lánasamningur vegna þessara viðskipta. Hann er spurður hvort Fjárfar hafi lagt einhverja tryggingu fram gegn þessari skuld.

Jón Ásgeir kveðst ekki minnst þess nú hvort lagðar hafi verið fram tryggingar fyrir þessari skuld, hann segir Fjárfar hafa staðið ágætlega á þessum tíma. Jón Ásgeir tekur það fram að búið sé að gera upp allar skuldir Fjárfars við Baug í dag.

Jón Ásgeir er spurður einhver annar af forsvarsmönnum Baugs hafi komið að þessum viðskiptum.

Jón Ásgeir kveðst ekki minnst þess nákvæmlega nú hvort einhver annar en hann hafi komið að viðskiptunum. Hann tekur það fram að þetta hafi ekki verið stór viðskipti og því hafi ekki þurft að vera að blanda mörgum inn í þau.

Jón Ásgeir er spurður hvort að endurskoðendur félagsins hafi komið með einhverjar athugasemdir varðandi þessa kröfu á Fjárfar. Ef svo er, þá um hvað fjölluðu þær og hvernig var brugðist við þeim.

Jón Ásgeir kveðst ekki reka minni til þess.

Jón Ásgeir er spurður hvort og þá hvenær gengið var á eftir innheimtu á þessari skuld Fjárfars við Baug.

Jón Ásgeir segir að Fjárfar hafi gert upp þessa kröfu eins og rætt hafði verið um. Hann ítrekar að þessi krafa hafi aldrei verið í neinni hættu. Aðspurður kveðst Jón Ásgeir telja víst að þessi krafa hafi verið gerð upp í lok rekstrarárs 2002, en hann kveðst ekki muna nákvæmlega hvernig krafan var gerð upp. Hún hafi í öllu falli verið gerð upp á einhvern peningalegan hátt.

Jón Ásgeir er spurður hvaða mat hann leggi eða hafi lagt á lögmæti þessarar lánveitingar.

Jón Ásgeir segir að um hafi verið að ræða viðskipti með greiðslufresti.

### **30.06.2000: "Baugur.net selt til Fjárfars" - kr. 50.000.000**

Undir Jón Ásgeir er borið skjal málsins nr. II/37.2.2. Um er að ræða kaupsamning dags. 16. júní 2000 á milli Baugs sem seljanda og Fjárfars sem kaupanda að 2.500.000 hlutum í Baugi.net samtals að fjárhæð kr. 50.000.000. Jón Ásgeir og Jón Scheving Thorsteinsson rita undir samninginn fyrir hönd Baugs en Helgi Jóhannesson f.h. Fjárfars.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann þekki þennan samning og geti staðfest undirritun sína á honum. Einnig er hann spurður hvort hann viti hver hafi útbúið þennan samning.

Jón Ásgeir kveðst vísa til fyrri svara sinna hjá lögreglu varðandi þennan samning og skýringar Baugs-Group hf. varðandi þessi viðskipti.

Jón Ásgeir er beðinn um að skýra frá aðdraganda þessara viðskipta og hvernig þau hafi komið til, m.a. hver hafi komið fram fyrir hönd Fjárfars í þessum viðskiptum.

Jón Ásgeir kveðst vísa til fyrri svara sinna varðandi þessi viðskipti, hann hafi engu við það að bæta.

Jón Ásgeir er spurður hvort einhverjir lánasamningar hafi verið gerðir vegna þessara viðskipta Baugs og Fjárfars.

Jón Ásgeir kveðst vísa til svara Baugs-Group hf til lögreglu varðandi þetta.

Jón Ásgeir er spurður hvort að Fjárfar hafi lagt einhverja tryggingu fram gegn þessari skuld.

Jón Ásgeir kveðst telja að bréfin í Baugi.net hafi verið lögð fram sem trygging fyrir þessum viðskiptum, annars kveðst hann ekki muna vel eftir þessu.

Jón Ásgeir er spurður hvort og þá hvenær gengið var á eftir innheimtu á þessari skuld Fjárfars við Baug.

Jón Ásgeir kveðst ekki muna það nú hvort fjármáladeild Baugs hafi gengið eftir innheimtu á þessari skuld.

Sala Baugs á þessum bréfum var bakfærð þann 21.02.2002 í bókhaldi Baugs. Skv. upplýsingum frá núverandi talsmanni Fjárfars ehf. voru þessi viðskipti bakfærð skv. samkomulagi milli aðila þar sem forsendur brustu fyrir því að félagið yrði skráð á markað. Jón Ásgeir er spurður hvort að eitthvað slíkt samkomulag hafi verið til staðar og er hann þá beðinn um að gera grein fyrir því.

Jón Ásgeir kveðst ekki viss um að til hafi verið skriflegt samkomulag varðandi þetta. Það hafi þó verið stefnan að Baugur.net yrði skráð á markað og miklar væntingar í tengslum við það. Jón Ásgeir tekur það fram að sjóður á vegum Íslandsbanka hafi einnig fjárfest í Baugi.net, en það hafi verið Talenta tækisjóður.

Jóni Ásgeiri er kynnt að samkvæmt bókhaldi Baugs var söluhagnaðurinn að fjárhæð kr. 47,5 mkr. vegna þessara viðskipta færður til tekna þann 30.06.2000. En þegar kaupin voru látin ganga til baka 28.2.2002 var söluhagnaðurinn ekki færður til baka, heldur færður til eignar sem viðskiptavild, þrátt fyrir að fyrirætlanir um að skrá Baug.net á markað hafi ekki gengið eftir.

Jón Ásgeir er beðinn um að skýra þessa meðferð á viðskiptunum í bókhaldi Baugs, hver tók ákvörðun um slíka færslu á söluhagnaðinum og gerðu endurskoðendur einhverjar athugasemdir við þessa færslu.

Jón Ásgeir kveðst minnst þess að eignir Baugs.net hafi verið leiðréttar og færðar niður í bókhaldi Baugs. Hann kveðst ekki muna það nákvæmlega nú hvenær það hafi verið gert, en það hafi verið einhvern tíma á þessu tímabili. Jón Ásgeir tekur það fram að viðskipti annara fjárfesta sem keypt höfðu í Baugi.net hafi einnig verið bakfærð.

### 13.02.2001: "Fjárfar ehf. ógr. hlutafjárukning" - kr. 85.758.591

Jón Ásgeir er beðinn um að skýra frá þessum viðskiptum, en ekki liggur fyrir samningur vegna þessara viðskipta.

Jón Ásgeir kveðst hafa greint frá þessum viðskiptum síðast þegar hann var yfirheyrður um þennan þátt málsins hjá lögreglu.

Jón Ásgeir segir að á þessum tíma hafi Fjárfestingarfélagið Gilding ætlað að stofna til viðskipta með töluvert af bréfum í Baugi og m.a. ætlað að kaupa þessi hlutabréf af Fjárfari. Það hafi ekki gengið eftir og Fjárfar haldið þessum bréfum úr hlutafjárukningunni.

Varðandi það hvort til sé samningur um þessi viðskipti, þá kveðst Jón Ásgeir telja að til sé áskriftarblað varðandi þessi viðskipti þar sem Fjárfar hafi skráð sig fyrir þessum bréfum. Hann kveðst þó ekki vita hvort til sé eiginlegur undirritaður samningur um þessi viðskipti.

Aðspurður kveðst Jón Ásgeir ekki muna það nú hver hafi komið fram fyrir hönd Fjárfars í þessum viðskiptum.

Jón Ásgeir er spurður hvort gerður hafi verið lánasamningur samhliða þessum viðskiptum, eða hvort þessi krafa á Fjárfar sem myndaðist við viðskiptin hafi verið tryggð með einhverjum hætti.

Jón Ásgeir segir að búið sé að gera upp allar skuldir Fjárfars gagnvart Baugi í dag og því hafi ekkert verið athugunarvert við þessa kröfu á Fjárfar. Hann kveðst ekki minnst þess að lánasamningur hafi verið gerður samhliða þessum viðskiptum.

Jóni Ásgeiri er bent á að þegar Baugur veitti Fjárfari þessa lánveitingu átti Baugur þegar útistandandi miklar kröfur á hendur Fjárfari eins og fram hefur komið hér að framan. Jón Ásgeir er því spurður hvernig það kom til að enn var aukið á skuld Fjárfars við Baug og án þess að nokkuð trygging væri þar að baki.

Jón Ásgeir segir að hann hafi talið öruggt að þessi krafa fengist greidd og í þessu fælist engin áhætta. Hann segir að Baugur lagði á það áherslu að Fjárfari tæki þátt í þessum viðskipta, eins og komið hafi fram í fyrri framburðum Jóns Ásgeirs hjá lögreglu.

Jón Ásgeir er spurður hver hafi verið sá forsvarismaður Fjárfars sem Baugur hafi leita til og lagt áherslu á þessi viðskipti við Baug.

Jón Ásgeir kveðst telja að það hafi verið Helgi Jóhannesson sem hafi verið sá forsvarismaður Fjárfars.

Jón Ásgeir er spurður hvort að stjórn Baugs hafi fjallað um þessa kröfu á Fjárfar sem stofnað var til með þessum þremur viðskiptum sem borin hafa verið undir Jón Ásgeir við þessa yfirheyrslu.

Jón Ásgeir segir að stjórn Baugs hafi ekki fjallað sérstaklega um þessa kröfu félagsins á Fjárfar. Aðspurður segir Jón Ásgeir að ekki hafi legið fyrir stjórnarsamþykkt fyrir þessum þremur viðskiptum, enda hafi ekki þurft neina stjórnarsamþykkt fyrir slíkum viðskiptum. Þetta hafi ekki verið það stór viðskipti.

Jón Ásgeir er spurður hvort og þá hvenær gengið var á eftir innheimtu á þessari skuld Fjárfars við Baug.

Jón Ásgeir kveðst vísa í fyrri svör sín varðandi innheimtu á þessari kröfu félagsins gagnvart Fjárfari.

Jón Ásgeir er spurður hvaða mat hann leggi eða hafi lagt á lögmæti þessarar lánveitingar.

Jón Ásgeir segir þetta hafa verið viðskipti með greiðslufresti.

#### **Vaxtareikningur í bókhaldi Baugs:**

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum er aldrei um greiðslu að ræða vegna hlutabréfakaupa Fjárfars í Baugi eða Baugi.net á tímabilinu maí 2000 þar til við húsleit 28.08.2002. Reiknaðir eru dráttarvextir á kröfuna gagnvart Fjárfari kr. 29.969.758 þann 30.06.2001 frá júlí 2000. Ekki hafa verið reiknaðir dráttarvextir eftir 30.06.2001 og gætir þar ósamræmis í meðferð dráttarvaxta. Jón Ásgeir er beðinn um að skýra þetta.

Jón Ásgeir segir að það komi tvennt til í þessum sambandi. Annars vegar viðskiptin með Baug.net þar sem viðskiptin voru látin ganga til baka sökum þess að ekkert varð úr þeim fyrirætlunum að koma Baugi.net á markað. Því hafi ekki verið talið eðlilegt að reikna vexti á þá kröfu sem skapaðist vegna þeirra viðskipta. Hins vegar viðskiptin með bréfi í Baugi í tengslum við hlutafjárútkninguna í Baugi. Þar hafi Baugur þrýst á að Fjárfar tæki þátt í því hlutafjárútbóði og tæki þátt í viðskiptum Baug með bréf í Tryggingarmiðstöðinni, eins og frægt er orðið – meðal annars með miklum skrifum í Morgunblaðið. Sökum þessa hafi þessir vaxtaútreikningar verið framkvæmdir með þessum hætti.

### Stjórnun og rekstur Fjárfars ehf.

Jón Ásgeir er beðinn um að skýra skilmerkilega frá sinni aðkomu að félaginu Fjárfari ehf.

Jón Ásgeir kveðst vísa í þá skýrslu sem hann gaf hjá Skattrannsóknarstjóra ríkisins (SRS) þann 1. júní 2004, varðandi aðkomu sína að félaginu Fjárfari ehf.

Jón Ásgeir er beðinn um að gera grein fyrir eignarhaldi hans í Fjárfari.

Jón Ásgeir kveðst vísa í þau svör sem hann gaf hjá SRS þar komi það fram.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann hafi starfað fyrir félagið Fjárfar.

Jón Ásgeir kveðst vísa til þess sem hann hafi svarað hjá SRS, það svari þessari spurningu.

Jóni Ásgeiri er kynnt að lögregla hafi yfirheyrð, Eirík Sigurðsson, Helgu Gísladóttur, Aðalstein Hákonarson, Helga Jóhannesson, Kristínu Jóhannesdóttur, Sigfús Sigfússon, Arnfinn Sævar Jónsson. Allir þessir aðilar hafa vísað á Jón Ásgeir með einum eða öðrum hætti varðandi raunverulega stjórnun eða eignarhald á Fjárfari. Jón Ásgeir er beðinn um að taka afstöðu til þessa.

Jón Ásgeir kveðst vísa til þeirra svara sem hann hafi gefið Skattrannsóknarstjóra ríkisins. Hann kveðst engu hafa við það að bæta. Hann vill þó vekja athygli lögreglu á tæplega 60 milljón króna greiðslu til Eiríks Sigurðssonar frá Fjárfari, sem komi fram í skýrslu Skattrannsóknarstjóra ríkisins varðandi Fjárfar.

Jón Ásgeir er spurður hver það var í raun sem stjórnaði rekstri félagsins Fjárfars.

Jón Ásgeir kveðst vísa í svör sín hjá SRS. Hann hafi engu við það að bæta.

Jón Ásgeir er spurður hvort raunin hafi verið sú að hann hafi setið beggja megin borðs í viðskiptum Fjárfars og Baugs.

Jón Ásgeir kveðst neita því. Hann kveðst hafa svarað þessu í svörum sínum hjá SRS.

### Samningur Fjárfars og Straums dags. 18.5.2001:

Undir Jón Ásgeir er borið skjal nr. II/37.2.3. Um er að ræða samning um hlutabréfaviðskipti þar sem skv. upplýsingum frá Fjárfari hlutabréf í Baugi að nv. kr. 40.000.000 voru seld til Fjárfestingarfélagins Straums gegn hlutabréfum í hinu síðarnefnda. Baugur hafi um svipað leyti fjárfest í Straumi en Fjárfar og Baugur ætluðu að hafa með sér samstarf í Straumi

Þegar Helgi Jóhannesson var spurður um þessi viðskipti Fjárfars við Straum vísaði hann á Jón Ásgeir og sagði hann að það hafi verið Jón Ásgeir og Þórður Már Jóhannesson sem hafi samið um þessi viðskipti og Helgi hafi undirritað þá samninga sem þeir höfðu náð sín á milli f.h. Fjárfars.

Þórður Már lýsti því einnig í skýrslutöku hjá RLS 24. ágúst 2004 að það hafi verið Jón Ásgeir sem kom að samningaviðræðunum f.h. Fjárfars og sagði Þórður að hann hefði komið fram sem einn af fleiri hluthöfum Fjárfars.

Jón Ásgeir er beðinn um að lýsa þessum viðskiptum og fyrirætlunum hans með þau sérstaklega í ljósi þess að dótturfélag Baugs, Dúkur ehf., tók einnig þátt í útboðinu og skv. svari frá Einari Þór Sverrissyni f.h. Fjárfars ætluðu Baugur og Fjárfar að eiga með sér samstarf í Straumi.

Jón Ásgeir segir að þetta hafi verið hluti að undirbúningi að yfirtöku á Tryggingamiðstöðinni hf. Þar hafi Fjárfar og Baugur ætlað að hafa með sér samstarf. Liður í þeim undirbúningi hafi verið þessi viðskipti með hlutabréf í Straumi.


Jón Ásgeir kveðst telja að nokkur félög sem tengdust honum hafi verið að kaupa hlutabréf í Straumi á þessum tíma. Hann segir að það geti vel verið að hann hafi komið á þessum viðskiptum milli Fjárfars og Straums. Jón Ásgeir tekur það fram að hann hafi átt 9% eignarhlut í Fjárfari á þessum tíma og verið í góðum samskiptum við Helga Jóhannesson á þessum tíma.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann hafi einhverju við framburð sinn að bæta.

Jón Ásgeir kveðst vilja ítreka það að hann hafi komið að þessum þremur viðskiptum milli Fjárfars og Baugs sem borin hafa verið undir hann við þessa yfirheyrslu. Hann kveðst jafnframt hafa komið að því og hlutast til um að Fjárfar gerði upp sínar skuldir við Baug. Þannig hafi Baugur komið skaðlaust frá þessum viðskiptum við Fjárfar og enginn orðið fyrir tjóni vegna þessara viðskipta.


Skýrslutöku lauk kl. 16<sup>45</sup>

Staðfest rétt eftir haft:



Jón Ásgeir Jóhannesson

Skýrsluna skráði:



Sveinn Ingiberg Magnússon

Viðstödd yfirheyrsluna :



Gestur Jónsson, hrl



Aldís Hilmarsdóttir, lögreglufulltrúi

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	R L S	
Skýrslu geir Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-00086	V 14.20	
Staður og stund: Fimmtudagur 16. júní 2005 kl. 14:15 – Skrifstofa RLS, Skúlagötu 21, Reykjavík			
Sakarefni: Rannsókn á ætluðum brotum forráðam. Baugs hf. og skyldra félaga – Vöruveltan hf./Litla fasteignafélagið ehf.			
Sakborningur/grunaður: Jón Ásgeir Jóhannesson	Kennitala: 270168-4509		
Starf/staða:	Vinnusími:		
Lögheimili: Laufásvegi 69, 101 Reykjavík	Sími: 530 5520/696 9999		
Dvalarstaður:	Sími:		

Jón Ásgeir Jóhannesson er mættur til yfirheyrslu á skrifstofu Ríkislögreglustjórans samkvæmt boðun. Honum er kunnert um tilefni yfirheyrslunnar, sem er opinber rannsókn á ætluðum brotum forráðamanna Baugs hf. og skyldra félaga í tengslum við kaup hlutafjár í Vöruveltunni hf. á árunum 1998 og 1999. Enn fremur er til rannsóknar ætluð refsiverð háttsemi er lýtur að kaupum og sölu fasteigna til og frá Litla fasteignafélaginu ehf. á árunum 1998 og 1999.

Jón Ásgeir nýtur réttarstöðu sakbornings við rannsókn málsins samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, en hann gegndi starfi forstjóra Baugs hf. á því tímabili sem ætluð brot eru talin hafa verið drýgd.

Jóni Ásgeiri er kunnert réttarstaðan um að honum sé óskilytt að svara spurningum um þá ætluðu refsiverðu háttsemi sem hann verður yfirheyrður um, sbr. 3. mgr. 32. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Brýnt er fyrir Jóni Ásgeiri að ef hann kjósi að tjá sig um hið ætlaða sakarefni að skýra þá satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kunnir að skipta, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 19/1991.

Aðspurður segir Jón Ásgeir að hann skilji þau ákvæði réttarfarslaga er honum hafa verið gjörð kunn. Með Jóni Ásgeiri er mættur Gestur Jónsson, hæstaréttarlögmaður og dómskipaður verjandi Jóns Ásgeir við opinbera rannsókn málsins.

Jóni Ásgeiri er kunnert að samkvæmt 3. mgr. 33. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 og reglugerðar um réttarstöðu handtekinna manna og yfirheyrslna hjá lögreglu nr. 395/1997 geti hann ráðfært sig við málsvara sinn áður en hann svarar spurningu við yfirheyrsluna, sem beint er til hans, svo fremi sem yfirheyrandi telji það eigi trufla yfirheyrsluna.

Viðstaddur og þátttakandi í yfirheyrslunni er Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi. Yfirheyrslan fer þannig fram að skýrsla er rituð og skráð í tölvu. Spurningar og eftir atvikum gögn eru lögð fyrir Jón Ásgeir og svör hans við þeim síðan bókuð eftir honum í óbeinni ræðu. Jóni Ásgeiri verður við yfirheyrsluna gefinn kostur á að kynna sér umrædd fyrirliggjandi gögn. Enn fremur verður honum gefinn kostur á að hrekja þær forsendur sem grunur er reistur á og koma á framfæri skýringum sér til hagsbóta.

Fram er haldið yfirheyrslu frá 11. júní 2005, en ætlað sakarefni sem til umfjöllunar er varðar ætluð fjársvik og umboðssvik.

**Samningur, dags. 10. nóvember 1998**

Sala annars vegar á 40 % hlut til stofnfjárfesta og hins vegar á 35 % hlut til Fjárfars ehf.

Jóni Ásgeiri er sýnt afrit af samningi milli Íslandsbanka annars vegar og hins vegar Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar vegna Vöruveltunnar hf. um sölu á eignarhlut í félaginu o. fl., dags. 10. nóvember 1998. Samkvæmt umræddum samningi gerðu Íslandsbanki annars vegar og Helga Gísladóttir og Eiríkur Sigurðssonar, hins vegar, sem eigendur að öllu hlutafé í Vöruveltunni hf., sem þá rak verslanir undir heitinu 10-11, samning um að selja allt að 75 % eignarhlut í félaginu. Enn fremur kom fram að stefnt yrði að selja eftirstandandi 25 % eignarhlut á komandi árum. Í samningnum kom fram að af þeim 75 % sem selja átti yrði 35 % hlutur í félaginu seldur til Árna Samúelssonar, Heklu hf., Tryggingarmiðstöðvarinnar hf. og Sævars Jónssonar, en þeir aðiljar kæmu til með að mynda með sér félag um þann eignarhlut. Fyrir liggur að þessi 35 % hluti var seldur til Fjárfars ehf. Samkvæmt samningnum var gengið út frá því að heildarverðmæti félagsins næmi um kr. 1.400.000.000. Samkvæmt samningnum tók Íslandsbanki að sér fyrir hönd seljenda að ráðstafa eftirstandandi 40 % eignarhluta með þeim hætti að leita kaupenda í hópi fagfjárfesta fyrir um það bil 35 % og þá miðað við heildarverðmæti kr. 1.400.000.000. Fyrir liggur að sá eignarhlutur var seldur til Eignarhaldsfélaginu Alþýðubankanum hf. o. fl. Enn fremur kom fram að sá 5 % eignahlutur, sem eftir stóð, skyldi seldur við skráningu félagsins á Verðbréfaþingi Íslands.

- Skjal málsins nr. II/50.7

Jón Ásgeir er beðinn að gera fyrir þessum samningi og aðkomu sína að honum.

Jón Ásgeir kveðst í þessu sambandi vilja vísa á þau svör sem hann gaf hjá Skattransóknarstjóra ríkisins (SRS). Hann hafi engu við þau svör sín að bæta.

Jóni er sýnt afrit af lánabeiðnum Fjárfars og Eiríks Sigurðssonar hjá Íslandsbanka vegna kaupa á hlutum í Vöruveltunni, dags. 16. nóvember 1998; afrit af tveimur lánstilboðum að fjárhæð kr. 451.000.000 vegna lánasamninga Fjárfars ehf. og Íslandsbanka hf., dags. 16. nóvember 1998; afrit af lánasamningi milli Íslandsbanka hf. og Fjárfars ehf. vegna láns að fjárhæð kr. 451.000.000, dags. 16. nóvember 1998; afrit af almennum skilmálum fyrir lán frá Íslandsbanka hf. ásamt viðaukum 1, 2. og 3 (handveðyfirlýsingu Fjárfars ehf. vegna handveðsetningu hlutabréfa), dags. 16. september 1998; afrit af samþykki stjórnar Vöruveltunnar fyrir veðsetningu hlutabréfa, dags. 16. nóvember 1998 og vottuð af Grétari Haraldssyni og Ragnari Tómassyni; afrit af úttektarnótum Íslandsbanka vegna úttekta á kr. 351.777.778 og kr. 450.000.000, dags. 16. nóvember 1998 og afrit af innlagnar- og úttektarnótu Íslandsbanka hf. vegna úttekta á kr. 77.000.000 vegna Vöruveltunnar hf., dags. 3. desember 1998.

- Skjöl málsins nr. II/50.5.1, II/50.5.2, II/50.5.3, II/50.5.4, II/50.5.5, II/50.5.6 og II/50.5.7

Jóni Ásgeiri er sérstaklega sýnt afrit af almennum skilmálum fyrir lán frá Íslandsbanka hf. ásamt viðaukum 1, 2. og 3 (handveðyfirlýsingu Fjárfars ehf. vegna handveðsetningu hlutabréfa), dags. 16. september 1998. Samkvæmt viðauka 1 segir meðal annars eftirfarandi:

- Skjöl málsins nr. II/50.5.4

*Fjárfar ehf. er nýstofnað fyrirtæki. Félagið er stofnað af Heklu hf. og Sævari Jónssyni. Á næstu dögum munu ganga til liðs við félagið Tryggingarmiðstöðin og Árni Samúelsson. Þessi aðilar hafa ákveðið að kaupa 35 % eignarhlut í Vöruveltunni hf. . . .*

Jón Ásgeir er spurður hvort hann hafi veitt Íslandsbanka hf. þessar upplýsingar.

Jón Ásgeir kveðst vilja vísa til svara sinna hjá SRS, hann hafi svarað þessu þar og hafi engu við þann framburð að bæta.

Jón Ásgeir er spurður hvort Eiríkur og Helga hafi haft einhverja aðkomu að Fjárfari ehf. á einhverjum tíma.



Jón Ásgeir segir svo vera og hafi þau staðfest það ítrekað með undirskrift sinni. Aðspurður kveðst Jón ekki vilja fara út í nánari skýringar á aðkomu þeirra að Fjárfari ehf.

Jóni Ásgeiri er kunngerður eftirfarandi framburður úr skýrslu Eiríks Sigurðssonar hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 28. maí 2005. Eiríkur var þá beðinn að gera grein fyrir þessum samningi og spurður hvort hann hefði verið efndur:

- Skjal málsins nr. V/17.1

*Eiríkur segir að hann og Helga hafi verið beðin að skrifa undir þennan samning og sé hluti af því ferli sem hann hafi verið dreginn inn í af Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og Íslandsbanka í framhaldi af samningi frá 7. október 1998. Eiríkur segir að það ferli hafi sem áður segir snúist um að efna samninginn frá 7. október 1998 og þá greiðslu á 800 milljónum króna, sem hann hafi átt að fá greiddar 5. nóvember 1998 samkvæmt téðum samningi, en hafi hins vegar ekki fengið greiddar fyrr en 16. nóvember 1998.*

*Eiríkur segir að hann hafi ekki komið að gerð þessa samnings, heldur aðeins skrifað undir hann. Eiríkur segir að hann þessi samningur hafi verið lagður fyrir hann í Íslandsbanka, en líklega hafi það verið Jón Ásgeir sem hafi beðið hann um þetta, alltént örugglega einhver fyrir hans hönd.*

*Eiríkur segir að hann viti ekkert um innihald þessa samnings og hafi aldrei nokkurn tímann átt nein samskipti við Árna Samúelsson, Heklu, Tryggingarmiðstöðina eða Sævar Jónsson í tengslum við þennan samning.*

Jón Ásgeir er spurður um afstöðu til þessa framburðar Eiríks.

Jón Ásgeir kveðst telja það rétt hjá Eiríki að Íslandsbanki hafi séð um þennan samning, enda hafi bankinn fengið 77 milljón króna þóknun fyrir að taka að sér þessa umsýslu. Jón Ásgeir kveðst ekkert frekar hafa um framburð Eiríks að segja.

**Greiðsla á kr. 800.000.000, sem fara átti fram 5. nóvember 1998 en fór fram 16. nóvember s. á.**

Greiðsla á fjárhæð kr. 350.000.000 – fjármagnað með samningi, dags. 10. nóvember 1998 – sala 40 % til stofnfjárfesta Jóni Ásgeiri er enn sýnt afrit af samningi milli Íslandsbanka annars vegar og hins vegar Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar vegna Vöruveltunnar hf. um sölu á eignarhlut í félaginu o. fl., dags. 10. nóvember 1998. Samkvæmt samningum tók Íslandsbanki að sér fyrir hönd seljenda að ráðstafa eftirstandandi 40 % eignarhluta með þeim hætti að leita kaupenda í hópi fagfjárfesta fyrir um það bil 35 % og þá miðað við heildarverðmæti kr. 1.400.000.000. Enn fremur kom fram að sá 5 % eignahlutur, sem eftir stóð, skyldi seldur við skráningu félagsins á Verðbréfaþingi Íslands.

- Skjal málsins nr. II/50.7

Jóni Ásgeiri er sérstaklega sýnt afrit af útprentun frá Íslandsbanka með yfirskriftinni „Uppgjör v/sölu á 40% eignarhlut í Vöruveltunni hf. sbr. samning milli aðila frá 10. nóvember 1998“, dags. í Reykjavík 4. desember 1998. Samkvæmt umræddu skjali hefur greiðsla að fjárhæð kr. 350.000.000 verið fjármögnuð með bráðabirgðaláni að fjárhæð kr. 351.777.778 þeirra Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar, sbr. skjal málsins nr. II/50.5.1 (bls. 2 og 3), en umrædd 40 % hafi síðan verið seld til stofnfjárfesta og í dreifðri sölu fyrir heildarandvirði 547.500.000 (35 % hlutur á kr. 490.000.000).

- Skjal málsins nr. II/50.7.1 og II/50.5.1

Jón Ásgeir er spurður hvort þessi hluti af kr. 800.000.000 hafi verið fjármagnaður með þessum hætti.

Jón Ásgeir kveðst ekki geta tjáð sig um það og vísa því til Íslandsbanka að gera nánari grein fyrir því.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann hafi haft íhlutun að þessum samningi Íslandsbanka hf.

Jón Ásgeir kveðst ekki hafa átt beina aðkomu að gerð þessa samning. Hann segir að þeir Guðmundur Tómasson, Tryggvi Pálsson og Valur Valsson hjá Íslandsbanka hafi séð um þessa samningsgerð.

Jón Ásgeir er spurður hvort samningur frá 7. október 1998 hafi á þessum tíma ekki verið í gildi.

Jón Ásgeir kveðst vísa til þess ákvæðis samningsins frá 7. október 1998, sem segir að honum sé ætlað að finna fjárfesta inn í félagið innan tveggja vikna. Jón Ásgeir kveðst hafa verið að vinna að því og fengið Íslandsbanka með í þá vinnu, eins og gögn málsins beri með sér.

Jóni Ásgeiri er sýnt afrit af bréfi Björns Björnssonar og Guðmundar Kr. Tómassonar hjá Íslandsbanka til skattrannsóknarstjóra ríkisins vegna skattrannsóknar á Fjárfari ehf., dags. 25. júní 2004. Í umræddu bréfi er samskiptum Íslandsbanka við Jón Ásgeir Jóhannesson, Tryggva Jónsson og Jóhannesar Jónssonar lýst.

- Skjal málsins nr. II/50.7.2

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir þessum samskiptum; tilgangi og framvindu þeirra.

Jón Ásgeir kveðst hafa gefið skýringar á þessu hjá SRS og kveðst vilja vísa til þeirra svara sinna.

**Greiðsla á fjárhæð kr. 450.000.000 – fjármagnað með samningi, dags. 10. nóvember 1998 – sala 35 % til Fjárfars ehf.** Jóni Ásgeiri er enn sýnt afrit af samningi milli Íslandsbanka annars vegar og hins vegar Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar vegna Vöruveltunnar hf. um sölu á eignarhlut í félaginu o. fl., dags. 10. nóvember 1998. Sem áður segir kemur fram í samningnum að af þeim 75 % sem selja átti yrði 35 % hlutur í félaginu seldur til Árna Samúelssonar, Heklu hf., Tryggingarmiðstöðvarinnar hf. og Sævars Jónssonar, en þeir aðiljar kæmu til með að mynda með sér félag um þann eignarhlut. Fyrir liggur að þessi 35 % hluti var seldur til Fjárfars ehf. Kaupverð til Fjárfars var kr. 450.000.000.

- Skjal málsins nr. II/50.7

Jóni Ásgeiri er sérstaklega sýnt afrit af lánstilboði að fjárhæð kr. 451.000.000 vegna lánasamninga Fjárfars ehf. og Íslandsbanka hf., dags. 16. nóvember 1998; afrit af lánasamningi milli Íslandsbanka hf. og Fjárfars ehf. vegna láns að fjárhæð kr. 451.000.000, dags. 16. nóvember 1998; afrit af almennum skilmálum fyrir lán frá Íslandsbanka hf. ásamt viðaukum 1, 2. og 3 (handveðyfirlýsingu Fjárfars ehf. vegna handveðsetningu hlutabréfa), dags. 16. september 1998 og afrit af samþykki stjórnar Vöruveltunnar fyrir veðsetningu hlutabréfa, dags. 16. nóvember 1998. Samkvæmt umræddum gögnum var 60 % hlutafjár í Vöruveltunni hf. sett sem trygging fyrir láninu, þ. e. 35 % hlutur Fjárfars ehf. og 25 % hlutur Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar.

- Skjal málsins nr. II/50.5.2, II/50.5.3, II/50.5.4, II/50.5.5 og II/50.5.6

Jón Ásgeir er spurður hvort hafi verið gerðir kaupsamningar vegna beggja þessara eignarhluta eða hvort miðað hafi verið við samninginn frá 10. nóvember 1998.


Jón Ásgeir kveðst ekki muna það sérstaklega og tekur það fram að á þessum tíma hafi þetta mál verið komið í ofangreint ferli hjá Íslandsbanka, sem bankinn hafi haft umsjón með.

Jón Ásgeir er spurður hvort þessi hluti af kr. 800.000.000 hafi verið fjármagnaður með þessum hætti.

Jón Ásgeir kveðst ekki muna það nú, enda langt um liðið.

Jón Ásgeir er spurður hvort gerður hafi verið sérstakur samningur um þessi kaup á 35 % hlutafjár í Vöruveltunni hf.

Jón Ásgeir kveðst ekki muna það.

 07185

Jón Ásgeir er spurður hvort að þessi kaup hafi einungis verið byggð á samningi frá 10. nóvember 1998.

Jón Ásgeir kveðst ekki muna það, en tekur það fram að ef til sé sérstakur samningur um sölu á 35 % eignahlutanum þá ætti sá samningur að vera í vörslum Íslandsbanka.

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir hvers vegna söluverð 35 % hlutarins hafi verið 40 milljónum lægra en söluverð til Eignarhaldsfélags Alþýðubankans o. fl., sem þá var miðað frá heildarverðmæti Vöruveltunnar hf. væri kr. 1.400.000.000.

Jón Ásgeir kveðst ekki kunna skýringu á því, en hann reki minni til þess að salan til EFA hafi komið til eftir að Fjárfar ehf. keypti 35 % hlutinn. Hann muni þó ekki hversu löngu eða skömmu síðar það hafi verið.

Jóni Ásgeiri er kunnbert að grunur sé um að greiðslur vegna kr. 800.000.000, sem fara áttu fram 5. nóvember 1998, hafi átt sér stað í tvennu lagi 16. nóvember 1998 og hafi afhending félagsins að sama skapi dregist til þess tíma. Í fyrsta lagi voru kr. 351.777.778 greiddar inn á reikning Helgu Gísladóttur nr. 515-26-404848, en greiðslan samanstendur af innborgun að fjárhæð kr. 350.000.000 og vaxtagreiðslu að fjárhæð kr. 1.777.778. Grunur er um að þetta hafi verið fjármagnað með svokölluð brúarláni Eiríks Sigurðssonar og Helgu Gísladóttur að fjárhæð kr. 350.000.000 þar til búið væri að selja 35 % eignahlut í félaginu, sem síðar var seldur til Eignarhaldsfélags Alþýðubankans o. fl. Í öðru lagi voru kr. 450.000.000 innborgaðar á reikning í eigu Helgu nr. 515-26-404848. Grunur er um sú greiðsla hafi verið fjármögnuð með sölu á 35 % eignarhluta í Vöruveltunni til Fjárfars ehf. samkvæmt sérstökum samningi.

Jón Ásgeir er spurður hvort þetta hafi verið önnur greiðslan samkvæmt kaupsamningi, dags. 7. október 1998.

Jón Ásgeir kveðst vísa til svara sinna hjá SRS, þar hafi hann gert grein fyrir þessu. Jón Ásgeir kveðst þó vilja taka það fram að samningurinn frá 7. október 1998 hafi verið grundvöllur fyrir samningnum frá 10. nóvember 1998. Hann kveðst sjálfur aldrei hafa verið í neinum samskiptum við neinn af forsvarsmönnum EFA ehf.

Jón Ásgeir er spurður hvort að greiðsla og afhending Vöruveltunnar hf. hafi dregist til 16. nóvember 1998 í stað 5. nóvember eins og í samningnum hafi komið fram.

Jón Ásgeir kveðst ekki muna þessar dagsetningar nákvæmlega nú.

Jón Ásgeir er spurður hvernig þessi greiðsla hafi verið fjármögnuð.

Jón Ásgeir kveðst ekki muna það nákvæmlega nú hvernig 800 milljón króna greiðslan hafi verið fjármögnuð, að öðru leyti en því að samningurinn hafi verið efnður gagnvart Eiríki og hafi Eiríkur raunar fengið viðbótargreiðslur ofan á það kaupverð sem getið er í samningnum frá 7. október 1998.

Jóni Ásgeiri er kunnbertur eftirfarandi framburður úr skýrslu Eiríks Sigurðssonar hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 28. maí 2005. Eiríkur var þá beðinn að gera grein fyrir þessum samningi; aðdraganda hans, hvort hann hefði verið efnður og þá hvernig:

- Skjal málsins nr. V/17.1

*Eiríkur segir að greiðsla á kr. 800.000.000 hafi dregist um nokkra daga og í raun ekki gengið möglunarlaust fyrir sig að fá þá fjármuni greidda. Eiríkur segir að meðal annars hafi hann og Helga verið kölluð á fund hjá Íslandsbanka, gagnert til að fá greiddar þær 800 milljónir, ásamt vöxtum frá samningstíma til greiðsludags. Það hafi verið hluti að ferli sem ekki hafi verið honum*

*að skapi, en hann þó tekið þátt í til að fá peninga greidda til að hægt væri að efna samninginn frá 7. október 1998. . . .*

Jón Ásgeir er spurður um afstöðu til þessa framburðar Eiríks.

Jón Ásgeir segir að það sé alveg ljóst að Eiríkur og Helga hafi endurfjárfest í félaginu, þann 25 % hlut kveðst Jón Ásgeir hafa keypt aftur þann 5. júní 1999. Jón Ásgeir kveðst ekkert frekar hafa um þennan framburð að segja, en vilja benda á að Eiríkur hafi í skattframtali fyrir árið 1998 talið fram sem eign 25 % eignarhlut í Vöruveltunni.

**Greiðsla á kr. 150.000.000, sem fara átti fram með víxli útgefnum 16. nóvember 1998 – greitt með hlutabréfum**

Jóni Ásgeiri er sýnt afrit af víxli Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis að fjárhæð kr. 150.000.000, þar sem greiðandi er Eignarhaldsfélagið Gaumur og útgefandi Fjárfestingarfélagið Gaumur, dags. 16. nóvember 1998, - með gjalddaga 1. mars 1999. Jóni Ásgeiri er enn fremur sýnt afrit af símbréfi Kaupþings hf. til hluthafaskrá Baugs hf. um að sölu Kaupþings Lúxemborg á hlut í Baugi að nafnverði 16.200.000 til Helgu Gísladóttur, dags. 3. nóvember 1999 og afrit af greinargerð um viðskipti með hlutabréf í Baugi hf., dags. 2. mars 2004. Samkvæmt umræddum gögnum virðist þessi fjárhæð ekki hafa verið greidd með umræddum víxli heldur hlutabréfum í Baugi hf. að nafnverði kr. 16.200.000 eða að söluandvirði kr. 162.000.000.

- Skjal málsins nr. II/50.6.1, II/50.6.2 og II/50.6.3

Grunur er um að þessi víxill hafi ekki verið greiddur, heldur hafi þau Helga Gísladóttir og Eiríkur Sigurðsson fengið hlutabréf að nafnverði kr. 16.200.000 í Baugi hf. Bréfin munu hafa komið frá Kaupthing Luxembourg. Grunur er um að af þeirri fjárhæð hafi kr. 12.000.000 verið vegna vaxta. Grunur er um að þessi bréf hafi verið seld af fjárvörslureikningi Baugs hf. Kaupthing Luxembourg og að greiðslan hafi verið notuð til að standa skil á greiðslum á grundvelli kaupréttarákvæða í starfssamningum nokkurra stjórnenda Baugs Group hf., þ. á m. Jóns Ásgeirs Jóhannessonar.

Jón Ásgeir er spurður hvort þetta hafi verið þriðja greiðslan samkvæmt kaupsamningi, dags. 7. október 1998.

Jón Ásgeir kveðst í þessu sambandi vilja vísa til svara sinna hjá SRS, þar hafi hann greint frá þessari greiðslu til Eiríks, sem hafi verið hluti af kaupverðinu.

Jóni Ásgeiri er kunngerður eftirfarandi framburður úr skýrslu Eiríks Sigurðssonar hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 28. maí 2005. Eiríkur var þá spurður hvort þessi greiðsla hefði verið þriðja greiðslan samkvæmt kaupsamningi frá 7. október 1998:

- Skjal málsins nr. V/17.1

*Eiríkur segir að þessi greiðsla hafi tafist mjög, en í byrjun júnímánaðar 1999 hafi hann þó fengið greitt samkvæmt kaupsamningnum frá 7. október 1998, með hlutabréfum í Baugi hf. að nafnverði kr. 16.200.000. Eiríkur segir að Jón Ásgeir hafi haft samband við hann og borið undir hann hvort hann samþykkti fyrir sitt leyti að fá andvirði greiðslunnar í hlutabréfum í Baugi hf. í stað reiðfjár skv. víxlinum. Eiríkur segir að hann hafi samþykkt það, enda á þeim tíma farið að lengja eftir að fá greiðsluna efnda. Eiríkur segir að kr. 12.000.000 hafi verið vegna vaxta, en Jón Ásgeir hafi reiknað þá vaxtafjárhæð út. Eiríkur segir að sá vaxtaútreikningur hafi líklega nokkurn veginn miðast við þáverandi prósentu almennra vaxta og dráttarvaxta, þ. e. almennir vextir hafi reiknast frá 7. október 1998 til 1. mars 1999 og dráttarvextir eftir 1. mars 1999 uns fjárhæðin hafi verið greidd.*

Jón Ásgeir er spurður um afstöðu til þessa framburðar Eiríks.

Jón Ásgeir segir að þetta hafi verið hluti af uppgjöri vegna kaupa Baugs á Vöruveltunni. Hann kveðst ekkert frekar hafa um framburð Eiríks að segja.

Jóni Ásgeiri er sýndur afritaður tölvupóstur með yfirskriftinni „Fundur strax“, frá Jóni Ásgeiri Jóhannessyni til Tryggva Jónssonar, dags. 18. júní 1999 kl. 10:49, ásamt lista yfir mál sem þurfti að ræða, sem sendur var með viðhengi tölvupóstsins. Í umræddum lista kemur meðal annars fram eftirfarandi:

- Skjöl málsins nr. II/50.21.3

*16,2 greiðsla til Eiríks í Hlutabréfum / spurning að selja af þeim pakka sem Baugur skuldar í Lux . . .*

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir þessu tölvupóstskeyti.

Jón Ásgeir segir að það hafi legið fyrir að það hafi þurft að greiða Eiríki fyrir hlut hans í Vöruveltunni og það sé m.a. efni tölvupóstsins.

Jóni Ásgeiri er sýndur afritaður tölvupóstur með yfirskriftinni „ES“, frá Jóni Ásgeiri Jóhannessyni til Jóhönnu Waagfjörð og afrit til Tryggva Jónssonar, dags. 22. janúar 2002 kl. 12:42. Í tölvupóstskeytinu segir eftirfarandi:

- Skjöl málsins nr. II/50.21.5

*Sæl JW í framhaldi af samtali*

*Þegar við keyptum 10-11 á sínum tíma þá var það mikil lykkja hvernig frá því var gengið og lagði ES mikið á sig að Baugur gæti keypt þetta og frontaði málið lengi, þó við getum í dag sagt að hann hafi fengið gott verð þá er en óúppgert við hann um 2 milljónir á nafnverði í Baugi ég var búinn að tala um við hann að hann fengi þetta frekar greitt með skuldabréfi hann félst [svo] á það þannig að hann átti að fá 21 milljón. Nú er hann hinsvegar farinn að rukka meira vegna þess að gengið hefur hækkað, félst [svo] samt á það að ef þetta yrði klárað í vikunni. Ég vil að við göngum frá þessu þannig að hann fái bréfið með greiðslu 1. maí. Ég man ekki hvernig þetta var fært á sínum tíma eða hvort við verðum að bæta þessu á good will reikning okkar vegna 10-11.*

*Nauðsynlegt að ganga frá þessu sem fyrst. Samningurinn er held ég hjá HL allavega til afrit hjá Grétari Harlalds [svo] eða KPMG.*

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir þessu tölvupóstskeyti.

Jón Ásgeir kveðst ekki muna það nákvæmlega um hvaða greiðslu þau hafi verið að ræða, þó gæti verið að þetta tengist uppgjörinu við Eirík Sigurðsson frá 5. júní 1999. Þeir Eiríkur hafi í það minnsta verið sammála um að þessi greiðsla væri óúppgerð og kveðst Jón Ásgeir fullviss um að gert hafi verið upp við Eirík í samræmi við það sem í tölvupóstinum sé lýst.

Jón Ásgeir er spurður við hvað hann hafi átt þegar hann hafi talað um að ES hafi „frontað málið lengi“.

Jón Ásgeir segir að þar sé hann að vísa til þess að Eiríkur hafi verið í forsvari fyrir Vöruveltuna þar til Baugur keypti félagið í maí 1999.

#### **Samstarfssamningur, dags. 27. apríl 1999**

Jóni Ásgeiri er sýnt afrit af samstarfssamningi Kaupþings hf.; Íslandsbanka hf.; Fjárfars ehf.; Litla fasteignafélagsins ehf.; Eiríks Sigurðssonar og Helgu Gísladóttur; 10-11 og Vöruveltunnar hf. um kaup og sölu á 35 % eignarhlut í Vöruveltunni hf., dags. 27. apríl 1999.

- Skjöl málsins nr. II/50.8

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir þessum samningi.

Jón Ásgeir kveðst telja að þessi samningur hafi verið gerður í tengslum við það þegar EFA ehf. og tengdir aðilar seldu sinn 35 % hlut í Vöruveltunni. Íslandsbanki, Kaupþing og Fjárfar hafi keypt þann 35 % hlut í Vöruveltunni eins og samningurinn kveður á um.

Aðspurður segir Jón Ásgeir að á þessum tíma hafi verið komnar upp vangaveltur innan Baugs um að kaupa allt hlutafé í Vöruveltunni. Þær hugmyndir hafi hins vegar ekki verið langt á veg komnar á þessum tíma í apríl 1999.

#### **Fundargerðir Baugs hf.**

Jóni Ásgeiri er sýnt afrit af fundargerð stjórnar Baugs hf. vegna 15. stjórnarfundar félagsins, dags. 20. maí 1999. Samkvæmt umræddri fundargerð hafa eftirtaldir verið viðstaddir fundinn: Óskar Magnússon, Hreinn Loftsson, Jóhannes Jónsson, Þorgeir Baldursson, Guðfinna Bjarnadóttir, Jón Ásgeir Jóhannesson og Tryggvi Jónsson. Samkvæmt fundargerðinni kemur fram að Jón Ásgeir Jóhannesson væri í viðræðum við eigendur 10-11 og um leið íslensk samkeppnisyfirvöld, með það að markmiði að Baugur hf. mundi kaupa félagið. Samkvæmt fundargerðinni er sagt að samkomulag um málið sé á næsta leiti. Samkvæmt fundargerðinni samþykkti stjórn Baugs hf. á fundinum kaup á 10-11 smásölukeðjunni, m. a. að því tilskildu að leigusamningar vegna verslana væru í lagi og að Baugur hf. hefði endurkauparétt til að kaupa til baka eigin hlutabréf sem gefin yrðu út í tengslum við söluna. Jóni Ásgeiri er samhliða þessari fundargerð sýnt afrit af fundargerð stjórnar Baugs hf., dags. 1. júní 1999. Samkvæmt þeirri fundargerð hafa eftirfarandi verið viðstaddir fundinn: Óskar Magnússon, Guðfinna Bjarnadóttir, Hans Kristian Hustad, Jóhannes Jónsson, Þorgeir Baldursson og Jón Ásgeir Jóhannesson. Samkvæmt fundargerðinni hefur samningur um kaup á 70 % hlutafé í Vöruveltunni hf. verið kynntur stjórninni.

- Skjöl málsins nr. II/50.20.2 og II/50.20.3

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir hvaða umboð hann hafi haft frá stjórn félagsins að ganga til samninga við eigendur Vöruveltunnar hf.

Jón Ásgeir segir að hann hafi fengið fullt og óskorað umboð stjórnar Baugs hf. á stjórnarfundinum þann 20. maí 1999 til að ganga til samninga við eigendur Vöruveltunnar hf.

Aðspurður um það sem fram kemur í fundargerðinni að Jón Ásgeir hafi verið í viðræðum við íslensk samkeppnisyfirvöld þá segir Jón Ásgeir það vera rétt, hann hafi verið í samskiptum við samkeppnisyfirvöld í u.þ.b. tvo mánuði vegna þessara viðskipta Baugs. Samkomulag hafi orðið um það við samkeppnisyfirvöld að Baugur myndi selja tvær af verslunum Hagkaups til Nóatúns.

Jón Ásgeir er spurður hvort stjórn félagsins hafi verið kunnugt um að hann hefði á þessum tíma verið raunverulegur meirihlutaeigandi Vöruveltunnar hf., sbr. samninginn frá 7. október 1998.

Jón Ásgeir segir að eigendur Vöruveltunnar hafi verið Fjárfar ehf. með 45% eignarhlut, Eiríkur og Helga með 25 % eignarhlut, Íslandsbanki með 12,5 % eignarhlut, Kaupþing með 12,5 % eignarhlut, auk þess sem eigin hlutabréf félagsins hafi verið 5 %. Jón Ásgeir kveðst því alfarið hafna því að hann hafi verið raunverulegur meirihlutaeigandi Vöruveltunnar hf. við gerð kaupsamnings í maí 1999.

Jón Ásgeir kveðst einnig vilja vísa til þess samnings sem hann hafi gert við Eirík þann 5. júní 1999, en þar hafi Eiríkur fengið greiðslu fyrir þann 25 % eignarhlut.

Jóni Ásgeiri er sérstaklega sýnt „Draft“ af „Business Plan“ fyrir 10 – 11, sem grunur er um lagt hafi verið fram fyrir stjórn Baugs hf. á 15. stjórnarfundum félagsins. Í umræddu skjali virðist sú hugmynd; að kaupa verslanakeðjuna 10-11, hafa verið kynnt stjórn félagsins.

- Skjal málsins nr. II/50.20.2.1

Jón Ásgeir er spurður hvort hann kannist við umrætt skjal.

Jón Ásgeir kveðst ekki muna eftir þessu skjali.

Aðspurður kveðst Jón Ásgeir telja að þróunarsvið Baugs hf. hafi útbúið þetta Business Plan. Nánar aðspurður kveðst Jón Ásgeir telja það hafa verið Jón Scheving Thorsteinsson.

### Kaupsamningur, dags. 21. maí 1999, ásamt fylgigögnum

Jóni Ásgeiri er sýnt afrit af kaupsamningi vegna kaupa Baugs hf. á 70 % hlutabréfa í Vöruveltunni hf., samtals að nafnvirði 210.000.000 króna, dags. 21. maí 1999. Samkvæmt umræddum samningi seldi Helga Gísladóttir 25 % eignahlut sinn í Vöruveltunni hf. til Baugs hf. og Fjárfar ehf. þar af leiðandi 45 % eignahlut sinn. Samkvæmt samningnum var kaupverðið kr. 447.000.000, en þar af átti að greiða kr. 65.000.000 með hlutabréfum í Baugi að nafnvirði. Samningurinn er undirritaður af Jóni Ásgeiri Jóhannessyni f. h. stjórnar Baugs hf.; Helgu Gísladóttur og Eiríki Sigurðssyni, en samningurinn er óundirritaður f. h. Fjárfars ehf. Samningurinn er vottaður af Grétari Haraldssyni. Samkvæmt kaupsamningnum skyldi kaupverð greiddast með eftirfarandi hætti:

- Skjal málsins nr. II/50.9

a) Við undirritun kaupsamnings	kr.	225.000.000,-
b) Við undirritun kaupsamnings með skuldabréfi	kr.	162.000.000,-
c) Hinn 1. júlí afhendir kaupandi seljanda hlutabréf í sjálfum sér að nv.	kr.	65.000.000,-
		-----
	Kr.	447.000.000,-

Jón Ásgeir er spurður hvort þessi samningur hafi gengið eftir og verið efndur.

Jón Ásgeir segir svo vera, Baugur hf. hafi keypt 70 % eignarhlut í Vöruveltunni hf. með þessum hætti.

Jón Ásgeir er spurður hvernig þessi kaup hafi verið fjármögnuð hjá Baugi hf.

Jón Ásgeir segir að kaupin hafi að hluta til verið fjármögnuð með útgáfu nýrra hlutabréfa í Baugi hf. sbr. greiðsla með 65 milljón hlutum í Baugi hf. Greiðslan á 162 milljónum króna hafi reyndar einnig verið greidd með hlutabréfum í Baugi hf. Jón Ásgeir kveðst ekki muna það nákvæmlega nú hvernig upphafgreiðslan var fjármögnuð.

Jóni Ásgeiri er sýnt skjal með yfirskriftinni „10 – 11 Memo til óm“ frá Jóni Ásgeiri, ódagsett. Í umræddu minnisblaði virðist sú hugmynd vera sett fram að kaupa Vöruveltuna hf.

- Skjal málsins nr. II/50.21.6

Jón Ásgeir er spurður hvort hann kannist við umrætt skjal.

Jón Ásgeir kveðst ekki muna sérstaklega eftir þessu skjali, þó geti það vel verið að hann hafi útbúið skjalið og afhent Óskari.

Jóni Ásgeiri er kunngerður eftirfarandi framburður úr skýrslu Eiríks Sigurðssonar hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 28. maí 2005. Eiríkur var þá spurður hvort þessi samningur hefði gengið eftir og verið efndur og hvort hann hefði fengið greitt samkvæmt honum:

- Skjal málsins nr. V/17.1

*Eiríkur segir að þessi samningur hafi ekki verið efndur og hafi hann og Helga ekki fengið greitt samkvæmt honum. Eiríkur segir að Jón Ásgeir Jóhannesson hafi beðið hann og Helgu að koma fram sem eigendur Vöruveltunnar hf. við gerð þessa samnings. Eiríkur segir að 9. gr. samningsins hafi hins vegar orðið að veruleika, en á þeim tíma hafi hann verið búinn að stofna félagið Veltuna ehf. og hafi það félag verið notað um skráningu firmanafnsins 10-11 í útlöndum.*

Jón Ásgeir er spurður um afstöðu til þessa.

Jón Ásgeir segir að Eiríkur hafi fengið greitt samkvæmt ákvæðum þessa samnings og kveðst þar sérstaklega vísa til 162 milljón króna greiðslunnar sem hafi runnið til Eiríks í formi hlutabréfa í Baugi hf. að nafnvirði 16,2 milljónir.

**Greiðsla á kr. 225.000.000 (greitt í þrennu lagi), sem greiðast átti við undirritun kaupsamnings**

Jóni Ásgeiri er sýnt afrit af útprentun úr bókhaldi Baugs hf. vegna greiðslu að fjárhæð kr. 225.000.000 hinn 20. maí 1999; afrit af útprentuðum upplýsingum úr bókhaldi Baugs Group hf. á tímabili frá 20. maí 1999 til 30. júní 2000 og afrit af útprentun á hreyfingalista úr bókhaldi Baugs hf., dags. 26. júní 1999. Samkvæmt umræddum gögnum er Helga Gísladóttir sögð hafa fengið umræddar kr. 225.000.000 greiddar.

- Skjöl málsins nr. II/50.9.1, II/50.9.2 og II/50.9.3

Jón Ásgeir er spurður hvort þessi greiðsla hafi runnið til Helgu Gísladóttur.

Jón Ásgeir segir að hluti af þessari greiðslu hafi runnið til Fjárfars ehf. þ.e. 163.500.000,- krónur, auk þess sem 25.000.000,- krónur og 36.500.000,- hafi verið ráðstafað til endurgreiðslu á því 100.000.000,- króna láni sem Jón Ásgeir hafi tekið með Þorsteini M. Jónssyni í desember 1998.

Jón Ásgeir kveðst þegar hafa greint frá upphaflegum tilgangi þessa láns við yfirheyrslu hjá lögreglu. Þar sem þær fyrirætlanir um að setja 10-11 verslunarkerðjuna á markað gengu ekki eftir, hafi þeir Þorsteinn orðið sammála um það að Jón Ásgeir yfirtæki þetta lán þeirra við Kaupþing.

Jón Ásgeir er spurður hvernig þessi greiðsla hafi verið fjármögnuð hjá Baugi hf.

Jón Ásgeir kveðst ekki muna það lengur.


**Greiðsla á kr. 25.000.000 til Jóns Ásgeirs Jóhannessonar**

Jóni Ásgeiri er sýnt afrit af tékka Íslandsbanka að fjárhæð kr. 25.000.000, útgefnum af prókúruhafa Baugs hf., Lindu Jóhannsdóttur, til handa handhafa, dags. 19. maí 1999 og afrit af viðskiptakvittun SPRON vegna innlagnar á kr. 25.000.000 inn á reikning Jóns Ásgeirs Jóhannessonar nr. 1151-26-680, dags. 20. maí 1999. Í bókhaldi Baugs hf. er umrædd greiðsla sögð „Gr. til Helgu Gíslad. v/vöruveltan“.

- Skjöl málsins nr. II/50.10.1, II/50.10.2 og II/50.9.1

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir hvers vegna þessi greiðsla hafi runnið til hans.

Jón Ásgeir kveðst vísa til fyrra svars síns.

07191 



Aðspurður kveðst Jón Ásgeir ekki vita hvers vegna þessi greiðsla er auðkennd Helgu Gísladóttur í bókhaldi Baugs hf., en líkleg skýring þess sé vegna þess að bókarinn hafi útbúið lykil vegna sammingsins á hennar nafni og bókað skv. þeim lykli.

**Greiðsla að fjárhæð kr. 36.500.000 til Fjárfestingarfélagins Gaums ehf.**

Jóni Ásgeiri er sýnt afrit af tékka Íslandsbanka hf. útgefnum af prókúruhafa Baugs hf. Lindu Jóhannsdóttur, að fjárhæð kr. 36.500.000, dags. 8. júní 1999. Í bókhaldi Baugs hf. er umrædd greiðsla sögð „Gr. til Helgu Gíslad. v/vöruveltan“. Jóni Ásgeiri er enn fremur sýnd útprentun úr bókhaldi Fjárfestingarfélagins Gaums ehf. vegna lánardrottna á tímabili frá 1. jan. 1999 til 31. desember og samantekt Ríkislögreglustjórans á færslum úr bókhaldi Fjárfestingarfélagins Gaums ehf. vegna innborgunar á kr. 36.500.000. Jóni Ásgeiri er kunnert að samkvæmt þessum gögnum hafi umrædd greiðsla verið tekjufærð í bókhaldi Fjárfestingarfélagins Gaums ehf.

- Skjöl málsins nr. II/50.11.1 til II/50.11.4 og II/50.9.1

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir hvers vegna þessi greiðsla hafi runnið til Fjárfestingafélagins Gaums ehf. og þar tekjufærð.

Jón Ásgeir kveðst vísa til fyrra svars síns um hvert þessi greiðsla hafi runnið.

Jóni Ásgeiri er sýnd útprentun úr bókhaldi Fjárfestingafélagins Gaums ehf. úr færslu- og dagbók félagsins vegna greiðslu á kr. 36.500.000. Samkvæmt því sem þar kemur fram hefur umrædd fjárhæð verið tekjufærð í bókhald Fjárfestingafélagins Gaums ehf.

- Skjöl málsins nr. II/50.11.2

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir hvers vegna það hafi verið.

Jón Ásgeir segir að hann vísi til fyrra svars síns um að þessi greiðsla hafi runnið Gaums ehf. vegna yfirtöku skuldbindingar.

**Greiðsla að fjárhæð kr. 163.500.000 – ráðstöfun á móti kaupum Fjárfars í Vöruveltunni**

Jóni Ásgeiri er sýnt afrit af viðskiptayfirliti Íslandsbanka hf. vegna sölu Fjárfars ehf. á hlutabréfum í Vöruveltunni að nafnverði kr. 30.480.000, dags. 14. maí 1999 – söluverð kr. 163.500.000 og afrit af bréfi Íslandsbanka til skattrannsóknarstjóra ríkisins vegna beiðni um gögn og upplýsingar vegna viðskipta Baugs hf. og sölu Íslandsbanka hf. á Vöruveltunni hf., dags. 1. mars 2001. Samkvæmt umræddum gögnum virðist þessi greiðsla hafa verið fjármögnuð með þeim hætti að Fjárfar ehf. keypti 10 % af hlutfé Vöruveltunnar, dags. 14. maí 1999, eða viku áður en kaupsamningur um kaup Baugs hf. á 70 % hlutfé Vöruveltunnar hf.

- Skjöl málsins nr. II/50.12.1 og II/50.12.2

Jón Ásgeir er spurður hvort þessi greiðsla hafi verið fjármögnuð með þessum hætti.

Jón Ásgeir segir þetta hafi verið greiðsla vegna sammings frá 21. maí 1999 þegar Baugur hf. keypti 70 % eignarhluta Vöruveltunnar hf. Jón Ásgeir segir að hann vilji áréttta að EFA hafi keypt umræddan eignarhluta á mun hærra verði en því sem Baugur hf. hafi keypt hann á.

Jóni Ásgeiri er sýnt afrit af útprentun úr bókhaldi Baugs hf. á dagbók félagsins og afrit af yfirliti tékkareiknings í eigu Baugs hf. Samkvæmt umræddum gögnum hefur þessi greiðsla runnið til Íslandsbanka hf. úr sjóðum Baugs hf. og er sögð vera vegna Helgu Gísladóttur.

- Skjöl málsins nr. II/50.12.3 og II/50.12.4

Jón Ásgeir er spurður hvers vegna þessi greiðsla hafi runnið til Íslandsbanka hf.

Jón Ásgeir segir að þetta stafi af þeim upplýsingum sem í bókhaldi Baugs hf. segi, þ. e. að þetta sé vegna Helgu Gísladóttur.

**Greiðsla að fjárhæð kr. 162.000.000, sem greiða átti með skuldabréfi (greitt með láni)**

Jóni Ásgeiri er sýnt afrit af símbréfi Kaupþings hf. til Baugs hf. vegna láns til Baugs hf. að fjárhæð kr. 162.000.000, dags. 30. júní 1999; afrit af bókunarblaði vegna fjárhæðarinnar 162.000.000, dags. 30. júní og afrit af útprentun úr bókhaldi Baugs hf. með upplýsingum um skammtímalán að fjárhæð kr. 162.000.000, dags. 2. og 7. júlí 1999. Jóni Ásgeiri er kunnert að grunur sé um að þessi greiðsla hafi ekki farið fram með skuldabréfi, heldur hafi hún verið greidd með láni frá Kaupþingi Luxembourg, sem síðan hafi verið gert upp með hlutabréfum – þeim hinum sömu og notuð voru til að gera upp víxil að fjárhæð kr. 150.000.000 og fara átti fram 1. mars 1999 á grundvelli kaupsamningsins frá 7. október 1998.

- Skjöl málsins nr. II/50.13.1, II/50.13.2 og II/50.13.3

Jón Ásgeir er spurður hvort greiðsla að fjárhæð kr. 162.000.000, sem greiðast átti með skuldabréfi, hafi verið fjármögnuð með þessum hætti.

Jón Ásgeir segir að hann muni það ekki. Hins vegar hafi Eiríkur óskað eftir að fá þessi hlutabréf í Baugi í staðinn fyrir greiðslu á 162 milljónum króna.

**Gögn vegna greiðslu með hlutabréfum í Baugi að nafnverði kr. 65.000.000**

Jóni Ásgeiri er sýnt afrit af hreyfingalista í hlutaskrá Baugs hf. v/ Fjárfars ehf. frá 30. júní 1999 til 20. september 2000; afrit af minnisblaði vegna aukaaðalfundar Baugs hf., haldinn 24. júní 1999 – tillaga um aukningu hlutafjár í Baugi hf. og afrit af minnisblaði vegna flutnings Baugs hf. í bankaviðskipti við Íslandsbanka, dags. 10. júní 1999. Jóni Ásgeiri er samhliða téðum gögnum sýnt afrit af fundargerð hluthafafundar Baugs hf., dags. 24. júní 1999. Jóni Ásgeiri er kunnert að samkvæmt umræddum gögnum hafi hluthafar Baugs hf. samþykkt að auka hlutafé í félaginu um kr. 82.500.000 að nafnverði, sem nota átti sem gagngjald fyrir hlutabréf í Vöruveltunni hf. Jóni Ásgeiri er kunnert að fyrir liggi að hlutabréf að nafnverði kr. 65.000.000 í Baugi hf. hafi runnið til Fjárfars ehf. eða að markaðsvirði kr. 650.000.000 og hlutabréf að nafnverði kr. 17.500.000 eða markaðsvirði kr. 175.000.000 hafi runnið til Íslandsbanka. Fyrir liggur að þessi hlutabréf hafi verið fengin með aukningu hlutafjár í Baugi hf. samkvæmt aukahlutahafafundi frá 24. júní 1999.

- Skjöl málsins nr. II/50.14.1, II/50.14.2, II/50.14.3, II/50.14.4 og II/50.14.2

Jón Ásgeir er spurður hvort þessi greiðsla hafi átt sér stað með þessum hætti.

Jón Ásgeir segir að þessi greiðsla hafi átt sér stað með þessum hætti, þ. e. með aukningu hlutafjár í Baugi hf. Aðspurður segir Jón Ásgeir að 17,5 milljónir hlutabréfa að nafnverði hafi runnið til Íslandsbanka hf. vegna kaupa á 12,4 % eignarhlut til Íslandsbanka. Aðspurður segir Jón Ásgeir að Íslandsbanki hf. hafi selt þennan eignarhlut í Vöruveltunni hf. á 175 milljónir króna sem þeir hafi áður keypt af EFA á 200 milljónir.

**Sölusamningur, dags. 5. júní 1999**

Jóni Ásgeiri er sýnt afrit af sölusamningi Helgu Gísladóttur vegna sölu og afsals á 25 % hlutafjáreignar í Vöruveltunni hf. til Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, dags. 5. júní 1999 – kaupverð kr. 297.500.000. Samkvæmt téðum samningi hefur Jón Ásgeir Jóhannesson keypt 25 % hlutafé í Vöruveltunni hf. Kaupverðið er sagt kr. 297.500.000 og átti að greiðast með eftirfarandi hætti:

- Skjal málsins nr. II/50.15

1. Kaupandi hefur þegar greitt með peningum kr. 287.500.000.00

2. Kaupandi greiðir með hlutabréfum í Baugi h. f. að nafnvirði kr. 5.000.000.00. Bréfin afhendast seljanda þegar Apótekið eign Gaums hf. hefur verið metið inn í Baug h. f. (ágúst 1999)	"	5.000.000.00
3. Kaupandi greiðir með hlutabréfum í Baugi h. f. að nafnvirði kr. 5.000.000.00. Bréfin afhendast seljanda í október 2000	"	5.000.000.00
	<u>Samtals kr.</u>	<u>297.000.000.00</u>

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir þessum viðskiptum.

Jón Ásgeir segir að hann hafi þarna verið að greiða hlutabréf til Eiríks að nafnverði 10 milljónir króna eða markaðsvirði 100 milljónir króna. Jón Ásgeir segir að þetta hafi verið uppgjör sem hann hafi tekið á sig vegna málsins. Jón Ásgeir segir að þessir hlutir hafi komið frá Gaumi ehf. Að öðru leyti segir Jón Ásgeir að hann vilji vísa til umfjöllunar um þennan samning í rannsókn hjá skattransóknarstjóra ríkisins.

Jóni Ásgeiri er kunngerður eftirfarandi framburður úr skýrslu Eiríks Sigurðssonar hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 28. maí 2005. Eiríkur var þá beðinn að gera grein fyrir þessum viðskiptum; hvort þessi samningur hefði verið efndur, hvort þau hjón hefðu fengið greiddar kr. 287.000.000 í peningum og hvort hann hefði fengið hlutabréf í Baugi samtals að nafnverði kr. 10.000.000.

- Skjal málsins nr. V/17.1

*Eiríkur segir að þessi samningur hafi verið gerður að frumkvæði Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, en á einhverjum tímamarki hafi verið ákveðið að hækka kaupverð Vöruveltunnar hf. til Jóns Ásgeirs um 10.000.000 kr., þ. e. með hlutabréfum úr Baugi hf. að nafnverði kr. 10.000.000.*

Jón Ásgeir er spurður um afstöðu til þessa framburðar Eiríks.

Jón Ásgeir segir að þetta sé rangur framburður hjá Eiríki. Jón Ásgeir segir að Eiríkur hafi farið fram á að fá þessi hlutabréf. Jón Ásgeir segir að Eiríkur hafi talið sig eiga að fá þessi hlutabréf fyrir að halda áfram afskiptum af Vöruveltunni hf.

Jóni Ásgeiri er kunngerður eftirfarandi framburður úr skýrslu Eiríks Sigurðssonar hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 28. maí 2005. Eiríkur var þá spurður hvort hann hefði einhverjar skýringar á því hvers vegna Jón Ásgeir hefði þarna upp á sitt eindæmi verið hækka kaupverð sitt á Vöruveltunni hf.:

- Skjal málsins nr. V/17.1

*Eiríkur segir að eftir að kaupsamningurinn hafi verið undirritaður 7. október 1998 hafi ýmislegt gengið á, þar sem hann og Helga hafi dregist inn í atburðarás sem ekki hafi verið þeim að skapi. Eiríkur segir að hann hafi ítrekað fundið að þessu við Jón Ásgeir, og minnst þess meðal annars að nöfn hans og Helgu hafi komið fram í opinberlega í fréttum tengdum Fjárfari ehf., sem þau hafi ekkert haft með að gera. Eiríkur segir að hann hafi gert alvarlega athugasemd við Jón Ásgeir vegna þessa. Eiríkur segir að í framhaldi af öllum þessum óþægindum, sem þau hjónin hafi orðið fyrir vegna þessarar atburðarásar, hafi Jón Ásgeir líklega viljað bæta þeim hjónum það upp með hækkuðu kaupverði.*

Jón Ásgeir er spurður um afstöðu til þessa framburðar Eiríks.

Jón Ásgeir segir að þessi framburður hjá Eiríki sé ekki réttur. Jón Ásgeir segir að hann vilji taka fram að fréttir af Fjárfari hafi ekki komið fram opinberlega fyrr en eftir að þessi samningur hafi verið gerður.

**Greiðslur með hlutabréfi að nafnverði kr. 10.000.000**

Jóni Ásgeiri er sýnt afrit af samantekt innri endurskoðunar Baugs Group hf. á viðskiptahreyfingum í eldra hlutabréfakerfi Baugs Group hf. vegna viðskiptamannsins Helgu Gísladóttur – kaup á hlutabréfi, dags. 10. desember 1999 – nafnverð viðskipta kr. 10.000.000.

- Skjal málsins nr. II/50.15.1

Jón Ásgeir er spurður hvort þetta hafi verið hlutabréfin sem Helga og Eiríkur hafi fengið afhent, þ. e. frá Compagnie Financiere.

Jón Ásgeir segir að svo sé.

Jóni Ásgeiri er kunnbert að grunur sé um að samningurinn hafi verið gerður til að ljúka endanlegu uppgjöri vegna viðskipta milli hans og hjónanna Eiríks Sigurðssonar og Helgu Gísladóttur, sem hófust með samningi 7. október 1998. Grunur er um að þessi samningur hafi tryggt hjónunum hækkun á söliverði Vöruveltunnar hf. um kr. 100.000.000 eða sem samsvarað hafi hlutum í Baugi hf. að nafnverði kr. 10.000.000 miðað við markaðsverð á genginu 10.

Jón Ásgeir er spurður um afstöðu til þessa.

Jón Ásgeir segir að Eiríkur hafi fengið meira greitt en í samningi frá 7. október 1998 hafi kveðið á um. Jón Ásgeir segir að uppgjör milli hans og þeirra hjóna hafi ekki lokið með þessum samningi, heldur hafi þau síðar sett fram kröfu um að fá meira greitt, þ. á m. 21 milljón króna.

Jóni Ásgeiri er kunnbert eftirfarandi framburður úr skýrslu Grétars Haraldssonar hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 4. júní 2005. Grétar var þá spurður hvort að kr. 1.150.000.000 hafi verið endanlegt söliverð Vöruveltunnar hf.:

- Skjal málsins nr. IV/53.1

*Grétar segir að Jón Ásgeir og Eiríkur hafi síðar gert samning um að Eiríkur fengi hlutabréf að nafnverði 10 milljónir króna í Baugi hf., en með þeim samningi hafi söliverð til Helgu hækkað um það sem því nam. Grétar segir að hann hafi ekki haft milligöngu um gerð þess samnings, en hann hafi verið að frumkvæði Jóns Ásgeirs. Aðspurður segir Grétar að hann viti ekki nákvæmlega hvers vegna sá samningur hafi verið gerður, en nokkrar ástæður hafi verið nefndar í því sambandi, þ. á m. að Eiríkur og Jón Ásgeir hafi samið um það sín á milli að Vöruveltan færi í útrás og flytti inn vörur frá Kanada og Eiríkur mundi hlutast til þá útrás. Enn fremur hafi verið nefndar ástæður sem rekja megi til þess að þessi kaup á Vöruveltunni hf. hafi valdið þeim hjónum nokkrum óþægindum og hafi því þessi viðbótargreiðsla komið til.*

Jón Ásgeir er spurður um afstöðu til þessa framburðar Grétars.

Jón Ásgeir segir að hann vilji skírskota til fyrra svars síns um ástæður þess að Eiríkur og Helga hafi fengið þessi hlutabréf. En tekur fram að í heild hafi Eiríkur fengið 20 milljónir í hlutabréfum að nafnverði frá Baugi (ekki 10 milljónir).

-----

**Samstarfs- og sölusamningur, dags. 5. júní 1999**

Jóni Ásgeir er sýnt afrit af samstarfs- og sölusamningi milli Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar annars vegar og Baugs hf. hins vegar, dags. 5. júní 1999. Umræddur samningur fól í sér að Helga Gísladóttir seldi Baugi hf. 50 % af hlutafjäreign sinni í Veltunni ehf. fyrir hlutabréf í Baugi hf. að nafnverði kr. 10.000.000. Umrætt félag mun hafa átt sér stoð í 9. gr. kaupsamnings, dags. 21. maí 1999, um kaup Baugs hf. á 70 % hlutafjár í Vöruveltunni af Helgu Gísladóttur og Fjárfari ehf., en þar segir eftirfarandi:

*Helga Gísladóttir og Baugur munu í sameiningu stofna félag með 5 millj. kr. hlutafé sem þau mun [svo] eiga að jöfnu sem hefur það að markmiði að vinna að því að stofna og starfrækja verlanir undir nafninu 10-11 erlendis. Unnið er að skráningu firmanafnsins í Evróðu [svo], Kanada og Bandaríkjunum og telst sú skráning eign hins nýja sameiginlega félags án sérstaks endurgjalds af hálfu Baugs, en ógreiddur kostnaður vegna skráningarinnar greiðir nýja félagið.*

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir þessum samningi; hver hafi verið tilurð hans, tilgangur og hvort hann hafi komið til efnda.

Jón Ásgeir segir að greiðslur hafi verið efndar af hálfu kaupanda, en þær greiðslur hafi komið frá Gaumi ehf. Jón Ásgeir segir að samningurinn hafi ekki verið efndur af hálfu Eiríks. Aðspurður segir Jón Ásgeir að vörumerkið 10-11 sé skráð á Baug hf. Jón Ásgeir segir að ekki hafi til þess komið að stofnað hafi verið og starfræktar verlanir undir nafninu 10-11 erlendis.

Jón Ásgeir segir að hann vilji leggja fram blað með yfirskriftinni „Vöruveltan útlagður kostnaður af Gaumi og JAJ V kaupa Baugs“. Jón Ásgeir segir að þetta blað sýni á mjög einfaldan hátt hvernig málið hafi litið út fyrir Gaumi ehf., þ. e. að félagið hafi tapað rúmlega 300 milljónum króna á þessum viðskiptum. Jón Ásgeir segir að hann vilji enn fremur taka fram að Baugur hf. hafi fengið það sem félagið keypti, þ. e. eitt stk. smásölukeðju, Eiríkur Sigurðsson hafi hagnast á þessum viðskiptum og sem áður segir hafi Gaumur ehf. stórtapað á þessum þeim. Jón Ásgeir segir algjörlega fráleitt að halda fram að hann hafi hagnast á þessum viðskiptum eða á nokkrum tíma haft ásetning til þess.

Umrætt blað fylgir skýrslunni.

**Litla fasteignafélagið ehf. – kaup og sala á fasteignum****Ætluð fjársvik og/eða umboðssvik**

Jóni Ásgeiri er kunnbert að hann sé, ásamt Tryggva Jónssyni, grunaður um að hafa fengið hjónin Grétar Haraldsson og Solveigu Theodórsdóttur til að kom fram sem stofnendur að einkahlutafélaginu Litla fasteignafélaginu ehf. við stofnun þess 10. desember 1998 og enn fremur eigendur þess fram til a. m. k. 20. maí 1999. Jóni Ásgeiri er kunnbert að grunur sé um að fasteignir úr Vöruveltunni hf. hafi verið fluttar úr rekstri félagsins og inn í rekstur Litla fasteignafélagsins ehf. Jafnframt er grunur er um að umræddar fasteignir hafi síðan verið seldar 1. júní 1999 frá Litla fasteignafélaginu, sem þá hafði sameinast Fjárfestingafélaginu Gaumi ehf., til dóttur- eða hlutadeildarfélags Baugs hf., Fasteignafélagsins Stoða hf. Þær fasteignir sem grunur er um að hafi verið fluttar úr rekstri Vöruveltunnar hf. eru Suðurlandsbraut 48, Laugalækur 2, Sporhamrar 3, Langarimi 21-23 og Grímsbær/Efstaland 26. Grunur er um að eigendur Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. hafi hagnast á þessum viðskiptum um 140 milljónir króna á kostnað Fasteignafélagsins Stoða hf.

Jóni Ásgeiri er kunnbert að með þessari háttsemi sé hann, ásamt Tryggva, grunaður um að hafa drýgt ætlaða refsiverða háttsemi sem er talin kunna varða við XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þá aðallega 248. gr. um fjársvik og/eða 249. gr. um umboðssvik.

Jón Ásgeir er spurður um afstöðu til þess ætlaða sakarefnis sem honum hefur nú verið kynnt; hvort hann vilji tjá sig sjálfstætt um það, hrekja það eða koma á framfæri skýringum sér til hagsbóta.

Jón Ásgeir segir að hann vísi þessum sakargiftum alfarið á bug. Jón Ásgeir segir að á þessum tíma hafi þótt betra að félag í verslunarrekstri ætti ekki fasteignir. Jón Ásgeir segir að Litla fasteignafélagið ehf. hafi verið stofnað af Grétari Haraldssyni, félagið hafi síðan keypt fasteignir Vöruveltunnar hf. Litla fasteignafélagið ehf. hafi síðan verið sameinað Gaumi ehf. og fasteignirnar seldar til Fasteignafélagsins Stoða á því markaðsverði sem hafi verið á þeim tíma. Jón Ásgeir segir að rekstur þessara fasteigna hafi verið stokkaður upp og húsaleigu breytt, en kaupverð fasteignanna hafi verið miðað við leigu fram í tímann.

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir stofnun Litla fasteignafélagsins ehf.

Jón Ásgeir segir að hann hafi komið að því félagi. Jón Ásgeir segir að á þessum tíma hafi þótt vænlegt að halda öllum verslunarrekstri aðgreindum frá rekstri fasteigna, gagngert svo hægt væri að halda verslunarrekstri nær skuldlausum. Aðspurður segir Jón Ásgeir að hluti af þessum ferli hafi verið að stofna félag um rekstur fasteigna Vöruveltunnar hf. Jón Ásgeir segir að Eiríki Sigurðssyni hafi verið boðið að taka þátt í stofnun þessa félags, en það hafi hann ekki viljað. Jón Ásgeir að hann hafi ekkert ferkar um þetta að segja.

Jóni Ásgeiri er kunnbert eftirfarandi framburður úr skýrslu Grétars Haraldssonar hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 4. júní 2005. Grétar var þá beðinn að gera grein fyrir stofnun Litla fasteignafélagsins ehf.:

- Skjal málsins nr. IV/53.1

*Grétar segir að Tryggvi Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson hafi viljað stofnað félag um rekstur fasteigna Vöruveltunnar hf. og af því tilefni viljað fá hann til að vera í fyrirsvari fyrir félagið og um leið koma fram líkt og þeir hefðu enga aðkomu að félaginu. Grétar segir að ástæða þessa hafi verið að þeir Tryggvi og Jón Ásgeir hafi ekki viljað upplýsa um eignarhald Vöruveltunnar hf. á þessum tíma og að sama skapi ekki þessa fyrirhugaða félags. Grétar segir að hann hafi fallist á að koma fram líkt og hann væri raunverulegur eigandi þessa félags og í framhaldi hafi Litla fasteignafélagið ehf. verið stofnað. Grétar segir að hann hafi enn fremur fengið samþýliskonu sína, Solveigu Theodórsdóttur, til að koma fram sem eigandi Litla fasteignafélagsins, en hún hafi*

*hins vegar á engan hátt haft aðkomu að þessu félagi nema að nafninu til. Grétar segir að hann hafi fallist á þetta í þeirri von að fá einverja vinnu út á félagið. Grétar segir að fljótlega hafi verið ákveðið að rita undir skjal þess efnis að þeir Tryggvi og Jón Ásgeir, eða einhver á þeirra vegum, væru raunverulegir eigendur þessa félags, en það skjal hafi þó aldrei verið uppi á borðinu.*

*Grétar segir að fljótlega eftir stofnun Litla fasteignafélagsins ehf. hafi hann gert samninga við Lýsingu um yfirtöku fjármögnunarleigusamninga vegna nokkurra fasteigna, sem áður höfðu verið í eigu Vöruveltunnar hf. Grétar segir enn fremur að félagið hafi keypt húsnæði að Engihjalla í Kópavogi af félagi í eigu Róberts Árna Hreiðarssonar, lögmanns.*

*Grétar segir að fljótlega eftir stofnun félagsins hafi Tryggvi Jónsson ráðið framkvæmdastjóra hjá félaginu, Runólf nokkurn, en hann hafi verið smiður sem átt hafi sjá um viðhald fasteignanna. Grétar segir að eftir ráðningu Runólfs hafi þeir að mestu séð um að reka félagið.*

*Grétar segir að nokkrum mánuðum eftir að Litla fasteignafélagið ehf. var stofnað, líklega um vorið 1999, hafi einhver stúlka kvatt dyra á heimili hans og beðið hann um að afhenda alla pappíra varðandi Litla fasteignafélagið. Grétar segir að þessi stúlka hafi sagt vera komin fyrir hönd Tryggva Jónssonar, sem þá hafi verið staddur í útlöndum. Grétar segir að hann hafi orðið lítt hrifinn af þessu og ekki afhent umrædda pappíra. Grétar segir að nokkrum dögum síðar hafi Tryggvi hringt í hann og viljað að þeir hittust vegna þessa máls. Grétar segir að í framhaldi af því hafi hann hitt Tryggva og afhent honum alla pappíra vegna Litla fasteignafélagsins og þar með hafi hans afskiptum af félaginu lokið. Grétar segir að með þessu hafi Litla fasteignafélagið ehf. í raun verið tekið af honum.*

*Grétar segir aðspurður að mestmegnis hafi hans samskipti vegna Litla fasteignafélagsins ehf. verið við Tryggva Jónsson. Aðspurður segir Grétar að hann eigi ekki áður umrætt skjal þess efnis að Tryggi og Jón Ásgeir væru raunverulegir eigendur Litla fasteignafélagsins, en það hafi líklega fylgt pappírur Litla fasteignafélagsins.*

*Aðspurður segir Grétar að ekki hafi verið búið að færa bókhald þegar félagið var tekið af honum.*

Jón Ásgeir er spurður um afstöðu til þessa framburðar Grétars.

Jón Ásgeir segir að rétt sé að Grétar hafi stofnað þetta félag og í megindráttum sé framburður Grétars réttur. Hins vegar sé rangt að félagið hafi verið tekið af Grétari Haraldssyni. Aðspurður segir Jón Ásgeir að hann hafi ekkert frekar um það að segja.

### **Gögn frá hlutafélagaskrá um Litla fasteignafélagið ehf.**

**Gögn um samruna Litla fasteignafélagsins ehf. við Fjárfestingafélagið Gaum ehf.**

Jóni Ásgeir er sýnt afrit af tilkynningu KPMG Endurskoðunar ehf. til hlutafélagaskrár um samruna Fjárfestingarfélagsgaums ehf. og Litla fasteignafélagsins ehf., dags. 31. maí 2000 – mótttekið 26. júní 2000.

- Skjal málsins nr. II/50.7.9

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir þessum samruna; hvernig hafi fjárhagslegum samruna hafi verið háttað, aðkomu hans/hennar að þessum samruna og hver tilgangur hans hafi verið.

Jón Ásgeir segir að fyrst hafi Gaumur ehf. keypt Litla fasteignafélagið ehf. og síðar hafi það orðið samruni. Jón Ásgeir segir að hann hafi í upphafi lagt út fyrir kaupum á þessu félagi, sem hafi verið 500 þúsund krónur. Jón Ásgeir segir að hann muni þetta hins vegar ekki nákvæmlega og vill benda á Stefán Hilmarsson í því sambandi, en hann þekki málið.

**Ársreikningur Litla fasteignafélagsins ehf. 1999 og Fjárfestingafélagsins Gaums ehf.**

Jóni Ásgeiri er sýnt afrit af óundirrituðum árshlutareikningi Litla fasteignafélagsins ehf. 31. maí 1999 – dags. 17. ágúst 1999. Samkvæmt árshlutareikningnum, sem er fyrir tímabilið janúar-maí 1999, nam hagnaður tímabilsins 1,2 milljónir kr., veltufé frá rekstri nam 2,4 milljónum króna, handbært fé frá rekstri nam 7,7 milljónum króna og eigið fé í lok tímabilsins var neikvætt um 1 milljón kr. Einu rekstrartekjur tímabilsins voru húsaleigutekjur 17,9 milljónir kr. og eignir námu 446 milljónum kr., þar af voru fasteignir og lóðir 440 milljónir kr. Fyrir liggur að félagið var með langtímasamninga um allar fasteignir þess.

- Skjal málsins nr. II/50.19.3

Jóni Ásgeiri er enn fremur sýnt afrit af óundirrituðum samrunaefnahagsreikningi Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. og Litla fasteignafélagsins ehf. vegna ársins 1999. Samkvæmt ársreikningnum námu rekstrartekjur 179,1 milljón kr., þar af námu húsaleigutekjur 19,5 milljónum kr. og söluhagnaður fasteigna 159,6 milljónum kr. Eigið fé var í árslok jákvætt um 112,4 milljónir kr. og tekjuskattskuldbinding nam í árslok 45,2 milljónum kr. Eignir námu 157,6 milljónum kr., sem var krafa á Fjárfestingafélagið Gaum ehf.

- Skjal málsins nr. II/50.19.4

Jón Ásgeir er spurður hvort þetta sé endanlegur samrunaefnahagsreikningur og hvort hann hafi komið að gerð hans.

Jón Ásgeir segir að hann hafi ekki komið að gerð hans, en það hafi Stefán Hilmarsson séð um. Aðspurður segir Jón Ásgeir að hann telji að til sé undirritaður endanlegur reikningur.

**Gögn frá hlutafélagaskrá um Fasteignafélagið Stoðir hf.**

Jóni Ásgeiri er sýnd samantekt Ríkislögreglustjórans á upplýsingum um skipan stjórnar o. fl. í Fasteignafélaginu Stoðum hf. Umrædd samantekt er byggð á gögnum er Ríkislögreglustjórinn aflaði hjá hlutafélagaskrá. Samkvæmt umræddum gögnum virðast þau Tryggvi Jónsson, Linda Jóhannsdóttir og Jón Scheving Thorsteinsson hafa stofnað hlutafélagið Fasteignafélagið Stoðir hf. 3. maí 1999. Samkvæmt umræddum gögnum virðist Tryggvi Jónsson hafa við stofnun félagsins hafa verið stjórnarformaður, en þau Linda Jóhannsdóttir og Jón Scheving Thorsteinsson verið meðstjórnendur. Framkvæmdastjóri félagsins hefur við stofnun verið Linda Jóhannsdóttir. Endurskoðun félagsins við stofnun er sögð í höndum KPMG Endurskoðunar hf. og ritar Stefán Hilmarsson fyrir því. Aðalstarfsemi félagsins er sögð vera kaup og sala fasteigna og lausafjármuna, útleiga eigna, verðbréfavíðskipti og annar skyldur rekstur. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum virðist stjórn félagsins hafa verið óbreytt til 25. ágúst 1999 en þá hefur Þórarinn Sveinsson tekið við stjórnarsetu af Jóni Scheving Thorsteinssyni og enn fremur Runólfur Þór Runólfsson ráðinn framkvæmdastjóri félagsins.

- Skjöl málsins nr. II/50.8.0 og II/50.8.1 til II/50.8.15

Jón Ásgeir er spurður hvernig eignarhaldi í félaginu hafi verið háttað, en samkvæmt fyrirliggjandi gögnum virðist félagið hafa verið stofnað af Baugi hf. og Dúk hf., sbr. tilkynningu um stofnum hlutafélagsins.

- Skjal málsins nr. II/25.8.2

Jón Ásgeir segir að þetta félag hafi klárlega frá upphafi verið stofnað af Baugi hf. og Kaupþingi hf.



**Kaup fasteigna til Litla fasteignafélagsins ehf.**

Jóni Ásgeiri er sýnt afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Litla fasteignafélagsins ehf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107376 vegna fasteignarinnar að **Langarima 21-23**, dags. 25. febrúar 1999; afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Litla fasteignafélagsins ehf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 106670 vegna fasteignarinnar að **Laugalæk 2**, dags. 25. febrúar 1999; afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Litla fasteignafélagsins ehf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107044 vegna fasteignarinnar að **Sporhömrum 3**, dags. 25. febrúar 1999 og afrit af fyrningarskýrslu 1998 fyrir Litla fasteignafélagið ehf. – úr skattframtali 1998. Allir gerningarnir eru undirritaðir af Grétari Haraldssyni og Solveigu Theodórsdóttur f. h. Litla fasteignafélagsins; af Helgu Gísladóttur og Eiríki Sigurðssyni f. h. Tíu ellefu hf. og Eiríki Sigurðssyni og Birni Árnasyni f. h. Vöruveltunnar hf. Samhliða þessum gögnum er Jóni Ásgeiri sýndur afritaður tölvupóstur með yfirskriftinni „Fasteignir“ milli Halldórs Jónssonar, Tryggva Jónssonar og Runólfs Þórs Runólfssonar, dags. 21. október 1999 kl. 16:05, ásamt meðfylgjandi drögum að tveimur kaupsamningum vegna Litla fasteignafélagsins sem send voru með viðhengjum. Kaupsamningsdrög vegna kaupa Litla fasteignafélagsins ehf. á fasteignum Vöruveltunnar hf. voru einnig send með viðhengi tölvupósts með yfirskriftinni „Afsal“, frá Hafsteini Sæmundssyni til Tryggva Jónssonar, dags. 24. ágúst 1999 kl. 13:44.

- Skjöl málsins nr. II/50.17.3 til II/50.17.5 og II/50.23.3

Samkvæmt téðum gögnum og kaupsamningsdrögum hefur Litla fasteignafélagið ehf. keypt fasteignir frá Vöruveltunni hf. fyrir samtals kr. 217.100.000 ásamt yfirfærslu réttinda skv. fjármögnunarleigusamningum seljanda við Lýsingu hf., en umræddar fasteignir voru Suðurlandsbraut 48, Laugalækur 2, Sporhamrar 3, Langarimi 21-23 og Grímsbær/Efstaland 26.

Jón Ásgeir er beðinn að gera grein fyrir þessum viðskiptum.

Jón Ásgeir segir það algjörlega klárt að það hafi verið vilji manna að aðskilja rekstur fasteigna frá Vöruveltunni hf.

Jón Ásgeir er spurður hvernig kaupverð hafi verið ákvarðað og hver hafi ákveðið það.

Jón Ásgeir segir að hann muni það ekki. Jón Ásgeir segir að hann muni ekki hver hafi ákvarðað kaupverðið.

**Sala fasteigna frá Litla fasteignafélaginu ehf. til Fasteignafélagsins Stoða hf.**

Jóni Ásgeiri er sýnt afrit af samkomulagi Lýsingar hf. og Fasteignafélagsins Stoða hf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107376 vegna fasteignarinnar að **Langarima 21-23**, dags. 1. nóvember 1999; afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Fasteignafélagsins Stoða hf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 106670 vegna fasteignarinnar að **Laugalæk 2**, dags. 1. nóvember 1999 og afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Fasteignafélagsins Stoða hf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107044 vegna fasteignarinnar að **Sporhömrum 3**, dags. 1. nóvember 1999. Samhliða þessum gögnum er Jóni Ásgeiri, Grétari, Sólveigu, Tryggva, Lindu, Aðalsteini, Kristínu sýndur afritaður tölvupóstur með yfirskriftinni „Fasteignir“ milli Halldórs Jónssonar, Tryggva Jónssonar og Runólfs Þórs Runólfssonar, dags. 21. október 1999 kl. 16:05 og milli Tryggva Jónssonar og Kristínar Jóhannesdóttur, dags. 28. október 1999 kl. 14:38, 16:05 og 16:25, ásamt meðfylgjandi drögum að tveimur kaupsamningum vegna Litla fasteignafélagsins sem send voru með viðhengjum.

- Skjöl málsins nr. II/50.18.2 til II/50.18.4 og II/50.23.5

Jóni Ásgeiri er enn fremur sýnt afrit af kaupsamningi milli Fasteignafélagsins Stoða hf. (kaupandi) og Litla fasteignafélagsins ehf. (seljandi) um yfirfærslu eignarréttar fasteigna að Barónstíg 2, Engihjalla 8, Suðurlandsbraut 48, Laugalæk 2, Sporhamra 3, Langarima 21-23 og Efstaland 26, dags. 1. júní 1999. Samkvæmt umræddum samningi hefur Fasteignafélagið Stoðir hf. keypt fasteignir frá Litla fasteignafélaginu ehf. fyrir samtals kr. 604.554.000, en þar af eru fasteignir er áður voru í eigu Vöruveltunnar hf. metnar á kr. 357.204.000 ásamt yfirfærslu réttinda skv. fjármögnunarleigusamningum seljanda við Lýsingu hf. Umræddar fasteignir voru Suðurlandsbraut 48, Laugalækur 2, Sporhamrar 3, Langarimi 21-23 og Grímsbær/Efstaland 26. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum er grunur um að verið hafi miðast við leigu í átta og hálf ár, sbr. tölvupóstskeyti Tryggva Jónssonar til Kristínar Jóhannesdóttur, dags. 28. október 1999 kl. 16:25, en þar segir eftirfarandi:

- Skjöl málsins nr. II/50.18.1 og II/50.23.5

*Þegar LF keypti þá var stuðst við bókfært verð. Þegar Stoðir keypti þá var stuðst við leigu í 8,5 ár. Leigufjárhæðir komu frá JÁJ*

Jón Ásgeir er spurður hvort þetta séu réttar upplýsingar.

Jón Ásgeir segir að þessar upplýsingar séu réttar og ekkert óeðlilegt við það. Jón Ásgeir segir að þessar fasteignir hafi verið mjög góð fjárfesting fyrir Fasteignafélagið Stoðir og séu líklega metnar á 1.400 milljónir í dag. Jón Ásgeir segir að hann ætli af þessu tilefni að leggja fram gögn sem sýni bókfært verð í dag á umræddum eignum.

Jóni Ásgeiri er sýnt afrit af uppgjöri vegna kaupsamnings dags. 1. júní 1999 milli Fasteignafélagsins Stoða hf., sem kaupanda og Litla fasteignafélagsins, sem seljanda, ódagsett og afrit af reikningsyfirlitum Íslandsbanka á reikningi Gaums nr. 0527-26-1099 vegna innborgana að fjárhæð kr. 50.000.000, dags. 7. september 1999; kr. 10.000.000, dags. 18. október 1999 og kr. 97.606.323, dags. 20. desember 1999.

- Skjöl málsins nr. II/50.18.5 og II/50.18.6

Jóni Ásgeiri er kunnert að samkvæmt téðum gögnum hafi söluhagnaður fasteigna verið tilkominn vegna sölu fasteigna Litla fasteignafélagsins ehf. til Fasteignafélagsins Stoða hf., dags. 1. júní 1999. Samtals hafi söluverðmæti fasteignanna sem áður segir numið 604,6 milljónum kr. og að frádregnum yfirteknum langtímalánum að fjárhæð 252,7 milljónum kr. skv. kaupsamningi og yfirtöku skammtímaskulda hafi útborgun numið kr. 157.606.323 og hafi hún runnið inn á bankareikning í eigu Fjárfestingafélagsins Gaum ehf. sem hér segir:

Dags.	Kr.
07.09.1999	50.000.000
18.10.1999	10.000.000
20.12.1999	97.606.323
<b>Samtals</b>	<b>157.606.323</b>

Jóni Ásgeiri er sýnd tafla þar sem teknar hafa verið saman upplýsingar um kaup og sölu allra fasteigna til Litla fasteignafélagsins ehf. á árunum 1998 og 1999. Taflan byggir á tilvísuðum skjölum og þeim gögnum sem honum hefur nú verið kynnt.

Fasteignir: Í þús. kr.	Skjalanúmer	Kaupverð 1998	Skjalanúmer	Kaupverð 1999	Skjalanúmer	Söluverð 01.06.1999	Mismunur
<i>Keypt af Vöruveltunni hf.:</i>							
Suðurlandsbraut 48	II/50.23.5	11.812				14.790	2.978
Laugalækur 2	II/50.17.5	21.032			II/50.18.3	58.038	37.006
Sporhamrar 3	II/50.17.6	39.324			II/50.18.4	58.038	18.714
Langarimi 21-23	II/50.17.4	52.432			II/50.18.2	58.038	5.606
Grímsbær/Efstaland 26		92.500				168.300	75.800
<i>Samtals keypt af Vöruv.:</i>	II/50.23.5 II/50.17.7	217.100				357.204	140.104
<i>Keypt af öðrum:</i>							
Engihjalli 8	II/50.17.7	158.000				183.600	25.600
Barónstígur 2 – kaupár 1999	II/50.17.7		II/50.19.3 (bls. 9)	62.000		63.750	1.750
<b>Samtals</b>	II/50.17.7	<b>375.100</b>		<b>62.000</b>	II/50.18.1 II/50.18.5	<b>604.554</b>	<b>167.454</b>

Jóni Ásgeiri er kunnbert að samkvæmt umræddri töflu virðist Fjárfestingarfélagið Gaumur ehf., hafa hagnast á viðskiptum með fasteignir, sem áður voru í eigu Vöruveltunnar hf., um rúmar 140 milljónir króna.

Jón Ásgeir er spurður um afstöðu til þessa.

Jón Ásgeir segir enga vafa leika á að Gaumur ehf. hafi hagnast á þessum viðskiptum, enda komi það fram í reikningum félagsins. Jón Ásgeir segir að alveg fráleitt sé að halda fram að eitthvað refsivert sé við það.

Jón Ásgeir er spurður að lokum hvort hann vilji taka eitthvað sérstaklega fram eða koma á framfæri einhverjum ábendingum eða athugasemdum.

Jón Ásgeir segir að svo sé ekki.

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs, er spurður hvort hann vilji koma á framfæri athugasemdum við framkvæmd yfirheyrslunnar.

Gestur segir að hann óski eftir því að fá tafarlaust afhentar þær skýrslur sem Jóni Ásgeiri hafi verið kynntar í þessari yfirheyrslu, sem og endurrit af þessari skýrslu.

Gesti er kunnbert að þeirri beiðni sé hafnað af hálfu Ríkislögreglustjórans með skírskotun til 43. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, um að lögregla geti neitað að veita verjanda aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum í allt að þrjár vikur frá því að þau urðu til eða komust í vörslur hennar ef hún telur að það geti skaðað rannsókn málsins.

Jón Ásgeir hefur lesið skýrsluna yfir. Hann telur skýrsluna rétt bókaða og engu við að bæta.

Jóni Ásgeiri er nú afhent skýrsla Deloitte frá 15. júní 2005 um viðskiptareikning hans hjá Baugi-Group hf. Fyrirhugað er að fjalla um efni skýrslunnar við yfirheyrslu yfir honum 24. júní nk.


Yfirheyrslu og yfirllestri skýrslu lokið fimmtudaginn 16. júní 2005 kl. 18.38.

Yfirllesið staðfest rétt




Jón Ásgeir Jóhannesson

Skýrslu gerir



Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi

Viðstaddur yfirheyrslu, staðfest rétt



Gestur Jónsson, hæstaréttarlögmaður

Viðstaddur og þátttakandi við yfirheyrslu



Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNADUR	R L S	
Skýrslu gerir	Aldís Hilmarsdóttir, lögreglufulltrúi	Mál nr.	006-2002-00086
Staður og stund:	Skrifstofa efnahagsbrotadeildar, föstudaginn 24. júní 2005, kl. 10:30.		V/4.21
Sakarefni:	Umboðssvik (249. gr. alm.hgl.) - ólögmætar lánveitingar (104. gr. 2/1995) – ætluð brot á lögum um ársreikninga.		
Vitni:	Jón Ásgeir Jóhannesson	Kennitala:	270168-4509
Starf/staða:	Forstjóri	Vinnusími:	696 9999
Lögheimili:	Laufásvegi 69, 101 Reykjavík	Sími:	
Dvalarstaður:		Sími:	
Kynnt tilefni yfirheyrslunnar, vitnaskylda og ábyrgð.			

Jón Ásgeir er mættur á skrifstofu efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjórans skv. boðun, ásamt skipuðum verjanda sínum Gesti Jónssyni hrl.

Honum er kynnt ástæða skýrslutökunnar sem varðar rannsókn lögreglu á ætluðum umboðssvikum og ólögmætum lánveitingum Jóns Ásgeirs í tengslum við viðskipti Baugs við Fjárfar ehf. Jóni Ásgeiri er kynnt að honum sé ekki skylt að svara spurningum um eigið sakarefni en brýnt fyrir honum að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta.

Jón Ásgeir kveðst skilja þessi réttarfarsákvæði.

Jón Ásgeir var spurður um þetta sakarefni hjá lögreglu, þ.e. málefni vegna viðskipta Baugs við Fjárfar ehf., 27. ágúst 2004 en mun hann nú verða spurður nánar um þau og óskað er eftir frekar skýringum varðandi nokkur atriði. Að auki verða bornir undir hann framburðir annarra sakborninga og vitna sem og tölvupóstsamskipti er málinu tengjast.

Í fyrri skýrslutöku vísaði Jón Ásgeir að nokkru leyti til svara sinna sem hann hafði gefið við skýrslutökur hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins (SRS), 1. júní 2004. Rannsóknarar hafa nú kynnt sér þá skýrslu og hafa nokkrar spurningar varðandi þann framburð.

Útrentun viðskiptareiknings Fjárfars úr bókhaldi Baugs fyrir tímabilið 01.01.1998-28.08.2002 til liggur frammi ásamt þeim framburðarskýrslum sem vitnað verður í við yfirheyrsluna.

#### 16.05.2000: “Hlutafé í Baugi selt Fjárfari, 5m \* 12,9”

Þegar Jón Ásgeir var spurður um þessi viðskipti í skýrslutökunni 27. ágúst 2004 sagði hann aðspurður um hvaða mat hann legði eða hafi lagt á lögmæti þessarar lánveitingar að um hafi verið að ræða viðskipti með greiðslufresti.

Jón Ásgeir er beðinn um að skýra það nánar. Bent er á að á kaupsamningnum frá 16. maí 2000 stendur í 2.gr. “kaupverð....er til greiðslu 2. júní 2000”.

Jón Ásgeir segir að greiðslufresturinn hafi verið lengri en sagði til um á kaupsamningnum en segir aðspurður ekki vitað hversu langur þessi frestur var. Jón Ásgeir segir að hann hafi verið fullviss um að þessi krafa væri góð enda væri hún nú greidd að fullu.

Jón Ásgeir var skýrslutökunni 27. ágúst 2004 spurður um aðkomu hans að nefndum viðskiptum með 5 milljón hluti í Baugi og sagðist hann hafa skrifað undir samninginn en ekki geta gert nánari grein fyrir

07206

aðkomu sinni að þeim. Jón Ásgeir var einnig spurður um hver hafi komið fram fyrir hönd Fjárfars í viðskiptunum og sagði hann að það hafi verið Helgi Jóhannesson, enda hafi Helgi undirritað samninginn.

Jóni Ásgeiri er kynntur framburður Helga frá 09. júlí 2004 varðandi viðskiptin sem færð eru í bókhald Baugs 16.05.2000:

„Helgi er spurður hver hafi tekið ákvörðun um að þessi bréf skyldu keypt og að þau skyldu gerð með þessum hætti þ.e. að stofna til skuldar við Baug.

Helgi segir að það hljóti að hafa verið Jón Ásgeir Jóhannesson án þess þó að geta fullyrt um það.

Undir Helga er borið fylgiskjal 8.4 sem er hluti af skýrslu SRS. Um er að ræða kaupsamning á milli Baugs sem seljanda og Fjárfars sem kaupanda að 5.000.000 hlutum í Baugi samtals að fjárhæð kr. 64.500.000. Jón Ásgeir ritar undir samninginn fyrir hönd Baugs en Helgi f.h. Fjárfars. Helgi er spurður hvort hann þekki þennan samning og geti staðfest undirritun sína á honum. Einnig er hann spurður hvort hann viti hver hafi útbúið þennan samning.

Helgi segist þekkja þennan samning og undirritun sína á honum. Hann segist ekki hafa útbúið hann sjálfur og viti ekki hver gerði það. Hann telji að það hafi verið Jón Ásgeir sem kom með hann til hans.

Helgi er spurður hver tilgangur með þessum kaupum hafi verið en hann kveðst ekki vita það.“

Jóni Ásgeiri er kynntur framburður Kristínar frá 10. ágúst 2004 varðandi viðskiptin sem færð eru í bókhald Baugs 16.05.2000:

„Kristín er spurð hver hafi tekið ákvörðun um að þessi bréf skyldu keypt og að þau skyldu gerð með þessum hætti þ.e. að stofna til skuldar við Baug.

Kristín biður um að fá að sjá samninginn að baki þessum viðskiptum og er sýndur hann. Kristín segist ekki hafa séð þetta skjal áður og segist ekki getað svarað því hver tók þessa ákvörðun það hafi í öllu falli ekki verið hún. Kristín segist ekki hafa vitað til þess að þessi viðskipti áttu sér stað.

Samkæmt upplýsingum frá innri endurskoðun Baugs Group hf. voru 5.000.000 hlutir að nafnverði seldir til Fjárfars þann 16. maí 2000 sem framseldi bréfin til Helgu Gísladóttur. (sbr. fylgiskjal 8.2 úr skýrslu SRS) Kristín er spurð hver tilgangur með þessum kaupum hafi verið.

Kristín segist ekki vita hver tilgangur kaupanna hafi verið á þeim tímapunkti þegar þau voru keypt og ekki vita hvort að Helga hafi fengið þessi bréf.

Kristín er spurð hvort og þá hvenær Baugur hefði hafið innheimtu á þessari skuld Fjárfars við Baug.

Kristín segir að skuldin hafi verið gerð upp í byrjun árs 2003 en hún vísar á Jón Ásgeir varðandi frágang á þessari skuld. Hún kvaðst ekki minnst innheimtuaðgerða af hálfu Baugs.“

Jón Ásgeir er beðinn um að skýra frá aðkomu sinni að þessum viðskiptum í ljósi ofangreindra framburða og greina frá því hvaða aðilar það voru fyrir hönd Fjárfars sem hann átti ofangreind viðskipti við.

Jón Ásgeir segir varðandi framburð Helga að Helgi hafi undirritað samninginn og hann hafi engu við það að bæta. Jón Ásgeir segir að þar sem Helgi hafi skrifað undir samninginn þá hafi það verið hann sem hann átti viðskipti við, aðspurður kveðst Jón Ásgeir ekkert hafa um framburð Kristínar að segja. Jón Ásgeir segir að hann hafi einungis komið að viðskiptunum fyrir hönd Baugs.

Jóni Ásgeiri er kynnt að skv. hluthafaskrá Baugs voru 5.000.000 hlutirnir í Baugi sem Fjárfar keypti af Baugi 16. maí 2000 framseldir til Helgu Gísladóttur. Jón Ásgeir er spurður hvort að hann hafi vitað af þessari ráðstöfun bréfanna frá Fjárfari.

Jón Ásgeir segir að Helga hafi fengið 20 milljónir hluta í Baugi frá Gaumi í tengslum við viðskiptin með Vöruveltuna en Jón Ásgeir segir að hann telji þessar 5 milljónir hluta ekki vera hluta af þeim. Jón Ásgeir segir aðspurður ekki hafa vitað að þessir hlutir sem Baugur seldi Fjárfari 16.05.2000 hefðu runnið til Helgu Gísladóttur.

### 30.06.2000: "Baugur.net selt til Fjárfars" - kr. 50.000.000

Jón Ásgeir hefur lýst því að þessi viðskipti við Fjárfar hafi gengið til baka sökum þess að forsendur þess að setja Baug.net á markað hafi brostið. Í yfirheyrslu hjá lögreglu 27. ágúst 2004 sagði Jón Ásgeir m.a. "að viðskipti annarra fjárfesta sem keypt höfðu í Baugi.net hafi einnig verið bakfærð".

Fyrir Jón Ásgeir er lögð útprentun hreyfingarlista úr bókhaldskerfi Baugs vegna Baugs.net. Þar má sjá viðskipti með bréfin í Baugi.net og má þar sjá bæði þegar umrædd bréf eru seld til Fjárfars og einnig þegar salan er bakfærð. Einnig má þar sjá þegar hlutabréf eru seld til Talentu (Tæknisjóður, Íslandsbanki) en ekki er hægt að sjá að þau viðskipti hafi verið bakfærð. Í ljósi þessa misræmis í framburði Jóns Ásgeirs frá 27. ágúst og bókhaldsgagna Baugs er hann beðinn um að skýra þetta nánar.

Jón Ásgeir segir að hann sé fullviss um að viðskiptin á milli Baugs og Talentu með bréfin í Baugi.net hafi verið bakfærð þrátt fyrir að það komi ekki fram á þessum bókhaldsgögnum, hann muni ekki með hvaða hætti það hafi verið gert.

Aðspurður um hvort að það hafi verið gert eftir 28. ágúst 2002, segir Jón Ásgeir að það geti verið.

Jón Ásgeir segir að Baugur ætti að geta framvísað gögnum varðandi þessa bakfærslu. Aðspurður um hver það hafi verið hjá Talentu sem hafi komið að þessum viðskiptum og þá bakfærslu þeirra segir Jón Ásgeir að hann muni það ekki.

Jóni Ásgeiri er kynntur framburður Jóns Scheving Thorsteinssonar frá 28. október 2004 varðandi viðskiptin sem færð eru í bókhald Baugs 30.06.2000:

„Jón er beðinn um að greina frá aðkomu sinni að umræddum viðskiptum með bréf Baugs.net.

Jón skýrir svo frá að einn daginn hafi Jón Ásgeir Jóhannesson kallað á hann inn í eitt fundarherbergja Baugs þar sem var fyrir Helgi Jóhannesson. Jón Ásgeir hafi beðið hann um að líta á þennan umrædda samning (skjal II/37.2.2). Jón Scheving sagðist hafa litist vel á þennan samning og skrifað undir hann þrátt fyrir að hafa ekki verið með prókúru fyrir Baug.

Aðspurður hvort að hann hafi litið svo á að búið hafi verið að ganga frá viðskiptunum áður en Jón Scheving var kallaður til, telur hann svo vera. Hann hafi einungis litið yfir samninginn í fljótheitum, litist vel á sölugengið og skrifað undir. Viðskiptin hefðu í raun komist á þótt Jón Scheving hefði ekki skrifað undir samninginn. Jón Scheving taldi það hafa verið mjög eðlilegt og Jón Ásgeir léti hann vita af þessum viðskiptum.

Aðspurður kvaðst Jón Scheving ekki vita hver hafi komið með tillögu að þessum viðskiptum, aðkoma hans var einungis frá þeim tímapunkti sem að framan greinir. Jón Scheving skýrir þó frá því að hann hafi á þessum tíma verið að leita eftir fjárfestum til að kaupa hlutabréf í Baugi.net en Fjárfar hafi ekki verið einn af þeim.“

Jóni Ásgeiri er kynntur framburður Helga Jóhannessonar frá 09. júlí 2004 varðandi viðskiptin sem færð eru í bókhald Baugs 30.06.2000:

„Helgi er spurður hver hafi tekið ákvörðun um að þessi bréf skyldu keypt og að þau skyldu gerð með þessum hætti þ.e. að stofna til skuldar við Baug.

Helgi segir að það hafi annaðhvort verið Jón Ásgeir eða Kristín sem sögðu honum að þessi viðskipti ættu að fara fram. Helgi kveðst minnst þess að hann hafi þurft að hafa fyrir því að fá framsal á

hlutabréfunum til Fjárfars frá Baugi, en síðar hafi viðskiptin verið látin ganga til baka með samþykki aðila sbr. færslu í bókhaldi þess efnis.

Undir Helga er borið skjal málsins nr. II/37.2.2. Um er að ræða kaupsamning dags. 16. júní 2000 á milli Baugs sem seljanda og Fjárfars sem kaupanda að 2.500.000 hlutum í Baugi.net samtals að fjárhæð kr. 50.000.000. Jón Ásgeir og e.t.v. Jón Scheving Thorsteinsson rita undir samninginn fyrir hönd Baugs en Helgi f.h. Fjárfars.

Helgi er spurður hvort hann þekki þennan samning og geti staðfest undirritun sína á honum. Einnig er hann spurður hvort hann viti hver hafi útbúið þennan samning.

Helgi segist þekkja þennan samning og undirritun sína á honum. Hann segist ekki hafa útbúið hann sjálfur og viti ekki hver gerði það

Helgi er spurður hver tilgangur með þessum kaupum hafi verið en hann kveðst ekki vita það. Hann segist ekkert hafa komið nálægt samningagerðinni eða samningaviðræðum.“

Jóni Ásgeiri er kynntur framburður Kristínar Jóhannesdóttur frá 10. ágúst 2004 varðandi viðskiptin sem færð eru í bókhald Baugs 30.06.2000:

„Kristín er spurð hver hafi tekið ákvörðun um að þessi bréf skyldu keypt og að þau skyldu gerð með þessum hætti þ.e. að stofna til skuldar við Baug.

Kristín óskar eftir að sjá samninginn varðandi þessi kaup og er henni sýndur hann, hún kveðst ekki muna eftir að hafa séð hann áður. Kristín kveðst ekki vita hver hafi tekið ákvörðun um þessi kaup og ekki vita hver tilgangurinn með þessum kaupum hafi verið. Kristín kvaðst heldur ekki muna eftir því að hún hafi vitað af þessum viðskiptum þegar þau áttu sér stað.“

Jón Ásgeir er beðinn um að skýra frá aðkomu sinni að þessum viðskiptum í ljósi ofangreindra framburða og greina frá því hvaða aðilar það voru fyrir hönd Fjárfars sem hann átti ofangreind viðskipti.

Jón Ásgeir segir að Baugur hafi átt þessi viðskipti við Helga Jóhannesson eins og kaupsamningurinn ber með sér.

### 13.02.2001: “Fjárfar ehf. ógr. hlutafjárakning” - kr. 85.758.591

Jóni Ásgeiri er kynntur framburður Helga Jóhannessonar frá 09. júlí 2004 varðandi viðskiptin sem færð eru í bókhald Baugs 13.02.2001:

„Helgi er spurður hver hafi tekið ákvörðun um að þessi bréf skyldu keypt og að þau skyldu gerð með þessum hætti þ.e. að stofna til skuldar við Baug.

Helgi segir að hann minni, án þess þó að geta fullyrt það, að það hafi verið að beiðni Kristínar sem hann tilkynnti Baugi að Fjárfar hygðist nýta sér forkaupsrétt sinn í hlutafjárakningunni, hann kveður þetta vera einu afskipti sín af þessu máli og í raun ekki fylgt því eftir á annan hátt eða skrifað undir samninga þar að lútandi að því hann telji. Hann hafi ekki vitað um fjármögnun viðskiptanna og ekki fengið neinn eftirtekstur eða innheimtu af hendi Baugs. “

Jóni Ásgeiri er kynntur framburður Kristínar frá 10. ágúst 2004 varðandi viðskiptin sem færð eru í bókhald Baugs 13.02.2001:

„Kristín er spurð hver hafi tekið ákvörðun um að þessi bréf skyldu keypt og að þau skyldu gerð með þessum hætti þ.e. að stofna til skuldar við Baug.

Kristín segist ekki vita hver tók ákvörðun um það, það hafi eflaust verið í tengslum við Jón Ásgeir. Kristín kveðst hafa heyrt að það hafi verið pressa á að allir tækju þátt í útboðinu og því líklegt að Jón Ásgeir hafi tekið ákvörðun um að Fjárfar yrði með í því. Hún hafi e.t.v. beðið Helga um að tilkynna um þátttöku Fjárfars í útboðinu en hún hafi ekkert vitað um frágang þeirra viðskipta. Kristín kveðst ekki hafa vitað á þessum tíma að um hefði verið að ræða lán frá Baugi.“



Jón Ásgeir er beðinn um að skýra frá aðkomu sinni að þessum viðskiptum í ljósi ofangreindra framburða og greina frá því hvaða aðilar það voru fyrir hönd Fjárfars sem hann átti ofangreind viðskipti.

Jón Ásgeir segir að hann hafi haft samband við Helga Jóhannesson og beðið hann um að skrá Fjárfar fyrir hlutum í útboðinu enda hafi hann haft vilyrði um það að Gilding vildi kaupa umrædd bréf aftur af Fjárfari og þannig myndi Fjárfar geta hagnast á kaupunum. Þetta hafi síðan ekki orðið, Helgi hafi skráð Fjárfar fyrir bréfunum en Gilding hafi ekki keypt þau aftur af Fjárfari eins og til stóð.

### Trygging skuldarinnar

Rannsóknarar óska eftir nánari svörum hvað varðar tryggingu þeirrar skuldar sem myndast hafði á viðskiptareikningi Fjárfars hjá Baugi en skv. þeim reikningi var skuld Fjárfars við Baug 28.08.2002 að fjárhæð kr. 168.883.376.

#### *Fyrri framburðir Jóns Ásgeirs varðandi þetta efni:*

Í skýrslutöku hjá lögreglu 11. apríl 2003 sagði Jón Ásgeir að Baugur hf. verið með tryggingarskuldbréf gagnvart heildarskuld Fjárfars ehf. við Baug hf.

Jón Ásgeir sagði að ákveðið tryggingarskjal gagnvart skuld Fjárfars ehf á viðskiptamannareikningi Baugs hf. væri í vörslum Baugs hf. Um væri að ræða skuldbréf, en hann kvaðst ekki muna fjárhæð skuldbréfsins

Jón Ásgeir er beðinn um að skýra þetta nánar, lýsa því um hvaða tryggingu sé að ræða og leggja fram umrætt skuldbréf og þá samninga sem þar kunna að liggja að baki.

Jón Ásgeir segir það vera rétt að það hafi verið tryggingarskuldbréf í förum Baugs sem var til tryggingar heildarskuld Fjárfars við Baug og segir Jón Ásgeir að hann geti lagt bréfið fram, það sé til hjá Baugi.

Jón Ásgeir segir vilja ítreka það að hann hafi ekki haft neinar áhyggjur af því að Fjárfar gæti ekki greitt sínar skuldbindingar gagnvart Baugi eins og síðar kom á daginn.

#### *Fyrri framburðir annarra varðandi þetta efni:*

Jóhanna Waagfjörð, fjármálastjóri Baugs, var spurð í skýrslutöku hjá lögreglu 1. apríl 2003 hvort að fyrir lægju einhver skuldaskjöl varðandi lánveitingarnar til Fjárfars eða hvort Fjárfar hefði sett fram einhverjar tryggingar fyrir þessum lánveitingum, en hún svaraði því til að engin slík skjöl lægju fyrir að hún vissi.

Helgi Jóhannesson, stjórnarformaður Fjárfars, sagðist í skýrslutöku hjá lögreglu 9. júlí 2004, ekki kannast við að nokkrar tryggingar hafi verið lagðar fram gegn skuldum Fjárfars við Baug.

Stefán Hilmarsson, skrifaði í bréfi sínu, dags. 21. september 2004, skjal II/23.11, þegar hann svaraði spurningum lögreglu, að hann sem endurskoðandi Fjárfars kannaðist ekki við að Fjárfar ehf. hafi lagt fram tryggingar vegna skuldar sinnar við Baug.

Jón Ásgeir segir að það hafi klárlega verið tryggingar fyrir þessari skuld hjá Baugi og hann viti ekki hvers vegna Jóhanna, Helgi og Stefán hafi ekki vitað af þeim. Jón Ásgeir segir að hann telji að þessir aðilar hafi ekki skilið spurningarnar sem lögreglu hafi lagt fyrir þau við þessar skýrslutökur. Jón Ásgeir segir að það þurfi greinilega að finna þetta skuldbréf.

RLS sendi bréf til Baugs, dags. 22. apríl 2003 - skjal II/15.27, þar sem m.a. var óskað eftir að "upplýst verði hvort, og þá hvaða tryggingar voru/hafa verið lagðar fram vegna skulda Fjárfars ehf. en frá maí 2000 hefur Baugur hf átt kröfur á það félag vegna hlutabréfaviðskipta í Baugi hf"

Daginn eftir eða 23. apríl 2003 sendi Jón Ásgeir Jóhannesson systur sinni Kristínu tölvupóst, póstur úr tölvu Kristínar var meðal gagna sem SRS aflaði við húsrannsókn hjá Gaumi, þar sem eftirfarandi kemur fram:

*"Ath. neðangreint kom frá RLS í dag. Ég tel að við beitum okkur fyrir því að F skuldin verði greidd við Baug G. Tel að við eigum að selja Baugi Group Smáralind. Ganga frá þessu í næstu viku....  
Kv. Jaj"*

Jón Ásgeir er spurður hvers vegna ekki var farið "að beita sér" fyrir því að skuldin yrði greidd fyrr en að þessi fyrirspurn kom frá RLS. Jóni Ásgeiri er bent á að þegar RLS sendir þetta bréf er skuld Fjárfars við Baug orðin meira en 2 ára gömul.

Jón Ásgeir segir að skuldin hafi að lokum verið greidd og því ekkert vandamál með það, menn hafi ekki haft neinar áhyggjur af þessari skuld enda hafi hún fengist greidd að lokum. Jón Ásgeir segir að hjá Baugi hafi menn á þessum tíma haft um aðra hluti að hugsa en svona smá liði á efnahagsreikningi, m.a. að verjast árásum lögreglu á fyrirtækið.

Jón Ásgeir sagði í skýrslutöku hjá lögreglu 27. ágúst 2004: "að búið sé að gera upp allar skuldir Fjárfars gagnvart Baugi í dag" og hefur margtrefkað það við þessa yfirheyrslu.

Jón Ásgeir er beðinn um að skýra frá því hvernig skuldin var gerð upp og hvenær. Jón Ásgeir er jafnframt beðinn um að leggja fram þau gögn sem tengjast þeirri uppgreiðslu.

Jón Ásgeir segir að hann muni ekki nú hvernig þessi skuld var gerð upp eða hvenær, lögregla þurfi að senda beiðni til Baugs um gögn sem tengjast uppgreiðslunni.

#### **Eignarhald og stjórnun Fjárfars:**

Í skýrslutöku hjá lögreglu 27. ágúst 2004 var Jón Ásgeir spurður um eignarhald og stjórnun Fjárfars. Hann vísaði þá í svör sín sem hann hafði gefið í skýrslu hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins (SRS) 1. júní 2004.

Rannsóknarar hafa nú lesið þá skýrslu og vilja því spyrja hann nánar út í þetta.

Í skýrslu SRS segir Jón Ásgeir að hann og Tryggvi Jónsson hafi komið að stofnun Fjárfars og að hann og Tryggvi hafi verið ráðgefandi um það hvernig starfsemi félagsins hafi verið. Þeim fjárhagslegu ráðstöfunum sem Fjárfar fóru í á árunum 1998 og 1999 hafi Eiríkur Sigurðsson ekki komið að, þær ákvarðanir hafi verið teknar af honum sjálfum og Tryggva.

Einnig sagði Jón Ásgeir að hann myndi skila greinargerð til SRS varðandi hluthafa mál Fjárfars.

Þar sem engin greinargerð hefur borist frá Jóni Ásgeiri varðandi hluthafamál Fjárfars er hann beðinn um að skýra nákvæmlega frá þeim nú.

Jón Ásgeir segir að hann telji Einar Þór Sverrisson hafi sent inn greinargerð til SRS sem hafi skýrt þessi mál, hann haft engu við það bæta.

Jóni Ásgeiri er kynnt að svo virðist sem hann sé sá aðili sem mesta vitneskju hefur um starfsemi Fjárfars og hefur haft mest um hana að segja. Helgi Jóhannesson, stjórnarformaður Fjárfars frá 30.12.1999 til

05.03.2002 segist hafa unnið skv. fyrirmælum Kristínar sem hann taldi að væru komin frá Jóni Ásgeiri. Hann sagði það hafa komið honum þannig fyrir sjónir að það hafi verið Jón Ásgeir sem hafi ráðið för í rekstri og ákvarðanatöku félagsins

Kristín sagði að hún hafi eingöngu verið í milligöngu á milli Jóns Ásgeirs og Helga Jóhannessonar á þeim tíma sem Helgi var stjórnarformaður og sagði að Jón Ásgeir hafi verið í samskiptum við hluthafa og það hafi því verið hlutverk hennar að koma upplýsingum frá honum til Helga.

Jón Ásgeir kom að þeim þrennum viðskiptum sem til umfjöllunar eru í þessari yfirheyrslu og undirritaði samninga vegna þeirra. Jón Ásgeir hefur ekki getað bent á aðra aðila en Helga sem hann hafi verið í samskiptum við hjá Fjárfari við þessi viðskipti eða getað nefnt hluthafa Fjárfars.

Jón Ásgeir segir að það sé ekkert launungarmál hverjir hafi verið stofnendur Fjárfars og hluthafar, þ.e. Sigfús, Sævar, Helga og Eiríkur. Það hafi síðan verið hann og Tryggvi sem hafi tekið félagið undir sinn verndarvæng og lofað nefndum hluthöfum að þeir yrðu ekki fyrir fjárhagslegu tjóni vegna þessa enda hafi það verið þeir tveir sem komu þessu fólki að félaginu í byrjun. Jón Ásgeir ítrekar að það hafi enginn orðið fyrir tjóni vegna ofangreindra viðskipta eða með viðskipti Fjárfars í heild, nema þá helst Gaumur sem tók að sér fjárgæslu félagsins.

Það er ljóst að til þrenna viðskipta var stofnað á milli Baugs og Fjárfars, á árunum 2000 og 2001. Jón Ásgeir undirritaði tvo kaupsamninga á árinu 2000 sem gerðir voru í þessum þremur viðskiptum og vitni hafa bent á að Jón Ásgeir hafi haft milligöngu um þátttöku Fjárfars í hlutafjárútbóði Baugs um áramótin 2000 og 2001.

Jón Ásgeir segir að það sé ljóst að Helgi Jóhannesson hafi verið virkur þátttakandi í viðskiptum Fjárfars og Baugs þrátt fyrir framburð Helga um annað. Jón Ásgeir segir að það eina sem hann hafi beinlínis sagt Helga að gera hafi verið að skrá Fjárfar fyrir hlutum í hlutafjárútbóði Baugs, því að hann hafði áhugasaman kaupanda sem vildi kaupa bréfin af Fjárfari.

Jón Ásgeir er spurður hverjir hafi kosið Jóhannes Jónsson sem núverandi stjórnarformann Fjárfars.

Jón Ásgeir segir að hann viti það ekki, það hljóti hafa verið á hluthafafundi félagsins.

Jóni Ásgeiri er kynnt að rannsóknarar hafi nú lokið yfirheyrslu og hann spurður hvort hann hafi einhverju við framburð sinn að bæta.

Jón Ásgeir segir að hann hafi engu við framburð sinn að bæta.

Skýrslutöku lauk kl. 16:48.

Staðfest rétt eftir haft:


Skýrsluna skráði:


  
Jón Ásgeir Jóhannesson

  
Aldís Hilmarsdóttir

Viðstaddur yfirheyrsluna :

Þátttakandi í yfirheyrslunni :

  
Gestur Jónsson, hrl

  
Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi

RIKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	R L S	
Skýrslu gerir Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-00086	V /4.22	
Staður og stund: Föstudagur 24. júní 2005 kl. 11:50 – Skrifstofa RLS, Skúlagötu 21, Reykjavík			
Sakarefni: Ætlaður fjárdráttur – brot á lögum um bókhald.			
Sakborningur/grunaður: Jón Ásgeir Jóhannesson	Kennitala: 270168-4509		
Starf/staða: Forstjóri Baugs-Group hf.	Vinnusími:		
Lögheimili: Laufásvegi 69, 101 Reykjavík	Sími: 530 5520/696 9999		
Dvalarstaður:	Sími:		

Jón Ásgeir Jóhannesson er mættur til yfirheyrslu á skrifstofu Ríkislögreglustjórans samkvæmt boðun. Honum er kunnbert um tilefni yfirheyrslunnar, sem er opinber rannsókn á ætluðum brotum forráðamanna Baugs hf. og í tengslum við fjármögnun og rekstur bátsins Thee Viking á Miami í Flórída, á árunum 1999-2002.

Jón Ásgeir nýtur réttarstöðu sakbornings við rannsókn málsins samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Jóni Ásgeiri er kunnbert réttarstaðan um að honum sé óskýlt að svara spurningum um þá ætluðu refsiverðu háttsemi sem hann verður yfirheyrður um, sbr. 3. mgr. 32. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Brýnt er fyrir Jóni Ásgeiri að ef hann kjósi að tjá sig um hið ætlaða sakarefni að skýra þá satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kunni að skipta, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 19/1991.

Aðspurður segir Jón Ásgeir að hann skilji þau ákvæði réttarfarslaga er honum hafa verið gjörð kunn. Með Jóni Ásgeiri er mættur Gestur Jónsson, hæstaréttarlögmaður og dómskipaður verjandi Jóns Ásgeirs við opinbera rannsókn málsins.

Viðstaddur og þátttakandi í yfirheyrslunni er Aldís Hilmarsdóttir, lögreglufulltrúi. Yfirheyrslan fer þannig fram að skýrsla er rituð og skráð í tölvu. Spurningar og eftir atvikum gögn eru lögð fyrir Jón Ásgeir og svör hans við þeim síðan bókuð eftir honum í óbeinni ræðu. Jóni Ásgeiri verður við yfirheyrsluna gefinn kostur á að kynna sér umrædd fyrirbyggjandi gögn. Enn fremur verður honum gefinn kostur á að hrekja þær forsendur sem grunur er reistur á og koma á framfæri skýringum sér til hagsbóta.

Jóni Ásgeiri er kynnt að í þágu rannsóknar á ætluðum kaupum hans og Jóhannesar Jónssonar á bátnum Thee Viking á Miami í Flórída með Jóni Gerald Sullenberger árið 1999 hafi lögregla meðal annars aflað gagna úr bókhaldi Fjárfestingarfélagssins Gaums ehf. sem og frá Bónus sf. varðandi útgefna reikninga frá Nordica Inc. á árunum 1996-1999 sem stílaðir voru á umrædd félög, greiddir og færðir í bókhald. Byggist sú rannsókn á framburði Jóns Gerald, en hann hefur gefið þær skýringar hjá lögreglu um forsögu málsins að bátavíðskipti hans og Jóns Ásgeirs ná allt aftur til ársins 1996 þegar þeir hafi keypt bátinn Icelandic Viking I, árið 1997 hafi þeir keypt bátinn Icelandic Viking II og loks árið 1999 hafi þeir keypt bátinn Thee Viking. Á tímabilinu frá 1996 til ársloka árið 1999 hafi Jón Gerald innheimt hlutdeild Jóns Ásgeirs og Jóhannesar Jónssonar varðandi fjármögnun og rekstur bátanna með útgáfu reikninga sem upphaflega voru stílaðir á Bónus en síðar Gaum.

Jóni Ásgeiri er nú sýnt yfirlit þeirra reikninga Nordica Inc. sem afhentir hafa verið af Baugi-Group hf. vegna Bónus sf. sem og þeir reikningar Nordica Inc. sem afhentir hafa verið af Gaumi ehf. Um er að ræða þá reikninga sem Jón Gerald hefur gert grein fyrir og sagt að varði innheimtu hans á hlutdeild Jóns Ásgeirs og Jóhannesar í kostnaði við fjármögnun og rekstur bátanna. Jóni Ásgeiri er kynnt að á yfirlitinu komi einnig fram bókhaldsfærsla umræddra reikninga og hver greiðandi hafi verið hverju sinni.

07213

M. J. G.

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Umræddir reikningar liggja einnig frammi og honum kunnigert að hann sé ekki grunaður um refsiverða háttsemi í tengslum við þessa reikninga sérstaklega.

Nr. reiknings	Dags. reiknings	Fjárhæð reiknings	Greiðandi	Fjárhæð USD	Reikn.lykill í bókhaldi greiðanda	Fjárhæð ISK
99089		7.269,59	Gaurur	10.296,91	Nordica	743.932,00
99082		3.027,32		<b>10.296,91</b>		<b>743.932,00</b>
99071	26.8.1999	7.230,02	Gaurur	7.230,02	Nordica	528.736,00
				<b>7.230,02</b>		<b>528.736,00</b>
99058	7.7.1999	9.499,39	Gaurur	9.499,39	Nordica	709.644,00
				<b>9.499,39</b>		<b>709.644,00</b>
99057	7.7.1999	6.962,00	Gaurur	6.962,00	Nordica	526.918,00
				<b>6.962,00</b>		<b>526.918,00</b>
99049	7.6.1999	5.230,80	Baugur hf.	5.230,80		
				<b>5.230,80</b>		<b>526.918,00</b>
99040	15.4.1999	5.455,85	Gaurur	5.456,00	Nordica	401.532,00
				<b>5.456,00</b>		<b>401.532,00</b>
99034	15.3.1999	8.670,25	Gaurur	8.670,25	Nordica	626.185,00
				<b>8.670,25</b>		<b>626.185,00</b>
99018	11.2.1999	7.126,79	Gaurur	7.126,79	Nordica	512.355,00
				<b>7.126,79</b>		<b>512.355,00</b>
98153	15.12.1998	5.759,76	Ísaldi	5.759,76	Nordica	402.919,00
				<b>5.759,76</b>		<b>402.919,00</b>
98149	11.11.1998	4.608,69	Ísaldi	4.608,69	Nordica	322.240,00
				<b>4.608,69</b>		<b>322.240,00</b>
98112	14.9.1998	9.185,73	Ísaldi	9.185,73	Nordica	645.346,00
				<b>9.185,73</b>		<b>645.346,00</b>
98089	4.8.1998	6.999,43	Ísaldi	6.999,43	Nordica	502.179,00
				<b>6.999,43</b>		<b>502.179,00</b>
98065	6.7.1998	6.334,92	Ísaldi	6.334,92	Nordica	457.664,00
				<b>6.334,92</b>		<b>457.664,00</b>
98060	16.6.1998	6.674,30	Ísaldi	6.674,30	Nordica	477.078,00
				<b>6.674,30</b>		<b>477.078,00</b>
98041	15.5.1998	5.572,31	Bónus sf.	3.344,22	Ísaldi	208.313,00
				2.228,09	Jón Ásg. Jóh.	192.004,00
				<b>5.572,31</b>		<b>400.317,00</b>
98026	7.4.1998	8.520,55	Bónus sf.	8.520,55	Gaurur	615.461,00
				<b>8.520,55</b>		<b>615.461,00</b>
98017	9.3.1998	10.095,11	Bónus sf.	10.095,11	Gaurur	82.622,00
					Ferðakostnaður	656.673,00
				<b>10.095,11</b>		<b>739.295,00</b>

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

<b>98006</b>	10.2.1998	2.173,57	Bónus sf.	2.173,57	Ísaldi	158.403,40
				<b>2.173,57</b>		<b>158.403,40</b>
<b>97133</b>	6.12.1997	3.796,87	Bónus sf.	3.796,87	Ferðakostnaður	272.768,00
				<b>3.796,87</b>		<b>272.768,00</b>
<b>97087</b>	3.10.1997	9.655,56	Bónus sf.	9.655,56	Ísaldi	564.076,00
					Ferðakostnaður	127.246,00
				<b>9.655,56</b>		<b>691.322,00</b>
<b>97078</b>	5.9.1997	10.416,09	Bónus sf.	10.416,09	Gaumur	447.970,00
					Ferðakostnaður	304.605,00
				<b>10.416,09</b>		<b>752.575,00</b>
<b>97066</b>	9.7.1997	5.755,94	Bónus sf.	2.918,00	Gaumur	208.403,00
				1.050,00	Tölvupjónusta	74.991,00
				1.788,00	Ferðakostnaður	129.050,00
				<b>5.756,00</b>		<b>412.444,00</b>
<b>97048</b>	6.6.1997	5.031,16	Gaumur	1.271,00	Biðreikningur	89.693,00
			Bónus sf.	3.760,00	Hof hf.	266.256,00
				<b>5.031,00</b>		<b>355.949,00</b>
<b>97043</b>		6.515,34	Ísaldi	6.515,34	Biðreikningur	466.210,40
				<b>6.515,34</b>		<b>466.210,40</b>

Jóni Ásgeiri er gefinn kostur á að gera nánari grein fyrir þessum reikningum.

Jón Ásgeir vill fyrir það fyrsta taka það fram að hann hafi aldrei átt neinn bát með Jóni Gerald. Hann kveðst hins vegar oft hafa ferðast til Miami og dvalið á bát í eigu Jóns Geralds. Í tengslum við þær ferðir hafi Jón Gerald í einhverjum tilfellum lagt út kostnað í tengslum við dvöl Jóns Ásgeirs á bátum og þann kostnað hafi Jón Gerald innheimt með þessum reikningum.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann geti skýrt ástæðu þess að á reikningum nr. 97048, 97066 og 98017 hefur verið handritað m.a. skýringin "bátur" við kostnaðarliðina "Rent" - "Storage rent" - "Storage rent Key B" og "Bank charges old b" en þar virðist sem um sé að ræða handritaðar skýringar fyrir starfsfólk í bókhaldi varðandi færslumáta reikninganna.

Jón Ásgeir segir að þetta hafi tengst því að hann eða einhver á hans vegum hafi verið á Miami og fengið afnot af þessum bát í eigu Jóns Geralds og Jón Gerald í framhaldi af því sent reikning á Bónus vegna þess ferðakostnaðar.

Jóni Ásgeiri er nú kynntur framburður Jóns Geralds Sullenberger sem hann gaf hjá lögreglu þann 20.06.2005 og liggur sú framburðarskýrsla frammi. Jón Gerald var meðal annars beðinn um að gera grein fyrir reikningi Nordica Inc. nr. 97048 og kom m.a. eftirfarandi fram:

*"...Seinni hluti reikningsins varði hins vegar fjármögnun og rekstur bátsins. Til að skýra það nánar þá segir hann að USD 1.060,- sé helmingur af mánaðarlegri afborgun af því USD. 135.000,- láni sem Jón Gerald hafi tekið hjá Ready State Bank til að fjármagna kaupin á bátum Viking I. Hann hafi þarna verið að innheimt endurgreiðslu af þeim helmingshlut sem Jón Ásgeir hafi átt að borga af því láni.*

*Jón Gerald kveðst einnig hafa innheimt kostnað af Bandarískum farsíma Jóns Ásgeirs samtals USD. 61,16. Jón Gerald kveðst auk þess hafa innheimt hafnargjöld með þessum reikningi samtals USD. 150,-. Aðspurður segir Jón Gerald ástæðu þess að gjaldaliðurinn varðandi lánið sé með skýringunni "Rent"*

og hafnargjöldin með skýringunni "Packaging storing deliverin" sé sú að Jón Ásgeir hafi ekki viljað að það kæmi augljóslega fram á reikningnum að um væri að ræða kostnaðarliði vegna fjármögnunar og reksturs bátsins og því hafi skýringarnar verið settar fram með þessum hætti. Jón Gerald kveðst hafa fengið reikninginn greiddan að fullu."

Jón Ásgeir er beðinn um að taka afstöðu til þessa framburðar og kynnt að framburður Jóns Geraldts varðandi alla ofangreinda reikninga hafi verið á sömu lund.

Jón Ásgeir kveðst ekki gefa mikið fyrir þennan framburð Jóns Geraldts og ítrekar fyrri svör sín hjá lögreglu um þessi bátaviðskipti. Hann kveðst aldrei hafa átt neinn bát með Jóni Gerald, heldur hafi Gaumur lánað Jóni Gerald í fjármuni til kaupa á þessum bátum. Jón Ásgeir tekur það fram að við upphaf rannsóknar RLS hafi Gaumur átt u.þ.b. 40 milljón króna kröfu á Jón Gerald, í tengslum við þessar lánveitingar.

Jóni Ásgeiri er kynnt að þann 29.08.2002 hafi lögregla óskað eftir þeim bókhaldsgögnum Gaums ehf. sem vörðuðu viðskipti við Nordica Inc. Það hafi vakið athygli rannsakara að þann 31.08.2002 er staða viðskiptareiknings Nordica Inc. í bókhaldi Gaums kr. 2.404.871. Fjárhæðin samanstendur af færslum sem byggist á greiðslum vegna VISA greiðslukorts Jóns Geraldts í nafni Gaums ehf og allar eru skráðar í bókhald Gaums þann 31.08.2002, eða örfáum dögum eftir húsleit ríkislögreglustjóra í höfuðstöðvum Baugs hf. í Skútuvogi og eftir að rannsakarar höfðu óskað eftir umræddum gögnum frá Kristínu Jóhannesdóttur, framkvæmdastjóra Gaums ehf. Færslurnar eru vegna leiðréttinga á fyrri færslum í bókhaldi félagsins og ná allt aftur til ársins 1999 og erum ýmist leiðréttingar á áður gjaldfærðum ferðakostnaði (736.084 kr.) eða millifærslur af viðskiptamannareikningi í nafni Jóns Ásgeirs Jóhannessonar (1.671.787 kr.) í bókhaldi Gaums. Umræddar leiðréttingar eru eftirfarandi:

Bakfært (eignfært) pr. 31.08.2002		
0006-0007 Nordica, USA		
Fskj.	Fjárhæð	Fjárhæð
	ISK	USD

Færslur áður færðar í bókhaldi Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf.				
Fskj.	Dags.	Reikn.	Fjárhagsbókhald	Viðskiptamannabókhald
	bókað pr.	lykill		

a	363	Visa (03.11.99)	387.831	5.490	356	31.12.1999	39262	Ferðakostnaður erl. án vsk	
a	364	Visa (06.01.00)	128.233	1.756	69	31.1.2000	392262	Ferðakostnaður erl. án vsk	
a	365	Visa (04.05.00)	118.308	1.539	37	5.5.2000	392262	Ferðakostnaður erl. án vsk	
a	366	Visa (05.07.00)	101.712	1.328	81	31.7.2000	392262	Ferðakostnaður erl. án vsk	
b	367	Visa (03.09.99)	241.014	3.289	254	30.9.2000	73110	Innlendar viðskiptakröfur	Viðskm nr. 270168-4509 JÁJ
b	368	Visa (03.02.00)	270.948	3.725	400	31.12.2000	73110	Innlendar viðskiptakröfur	Viðskm nr. 270168-4509 JÁJ
b	369	Visa (03.03.00)	126.859	1.743	400	31.12.2000	73110	Innlendar viðskiptakröfur	Viðskm nr. 270168-4509 JÁJ
b	370	Visa (05.04.00)	154.097	2.076	400	31.12.2000	73110	Innlendar viðskiptakröfur	Viðskm nr. 270168-4509 JÁJ
b	371	Visa (06.06.00)	358.065	4.610	401	31.12.2000	73110	Innlendar viðskiptakröfur	Viðskm nr. 270168-4509 JÁJ
b	372	Visa (03.08.00)	113.445	1.437	401	31.12.2000	73110	Innlendar viðskiptakröfur	Viðskm nr. 270168-4509 JÁJ
b	373	Visa (05.09.00)	575.643	7.148	401	31.12.2000	73110	Innlendar viðskiptakröfur	Viðskm nr. 270168-4509 JÁJ
b	374	Visa (04.10.00)	570.924	6.715	404	31.12.2000	73110	Innlendar viðskiptakröfur	Viðskm nr. 270168-4509 JÁJ
a	375	Visa (05.08.99)	13.672	180	230	30.9.1999	52210	Vaxtagjöld af..	
b	376	Lr. 371, 2000	(478.679)		371	31.12.2000	73110	Innlendar viðskiptakröfur	Vskm. 0006-0007 Nordica USA
b	376	Visa (03.11.00)	195.351	2.273					
b	377	Lr. 329, 2000	(472.552)		329	31.12.2000	73110	Innl.viðsk.kröfur /Nordica	Vskm. 0006-0007 Nordica USA
			<b>2.404.871</b>	<b>43.309</b>					
a		Mótfærsla til lækkunar gjöldum		749.756					
b		Mótfærsla á "viðskiptareikning" JÁJ		1.655.115					
				<b>2.404.871</b>					

Jón Ásgeir er beðinn um að gera grein fyrir þessum breytingum í bókhaldi Gaums ehf. sem ná allt aftur til ársins 1999, en ljóst er að félagið hafði skilað ársreikningum sem byggðust m.a. á upphaflegu færslunum.

Jón Ásgeir kveðst ekki geta gert grein fyrir þessum leiðréttingum, hann hafi ekki séð um þær og kveðst þurfa að vísa því til Gaums ehf. að svara því, e.a. Kristínar Jóhannesdóttur.

Jóni Ásgeiri hefur þegar verið afhent skýrsla Deloitte frá 1. júní 2005, varðandi þá reikninga sem Nordica Inc. sendi á Baug á árunum 1999-2002 og grunur leikur á að varði fjármögnun og rekstur bátsins Thee Viking. Í umræddri skýrslu Deloitte er gerð grein fyrir þeim reikningum og færslumáta þeirra í bókhaldi Baugs. Jóni Ásgeiri er kynnt að hann hafi áður verið yfirheyrður um sakarefnið og gögn þau sem greinargerðin byggist á hafi verið grundvöllur þeirra yfirheyrsla.

Jón Ásgeir kveðst ekki hafa kynnt sér umrædda skýrslu Deloitte og geti því ekki tekið afstöðu til hennar nú.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann hafi einhverju við framburð sinn að bæta.

Jón Ásgeir segir svo ekki vera.

Jón Ásgeir hefur lesið skýrsluna yfir. Hann telur skýrsluna rétt bókaða og engu við að bæta.


Yfirheyrslu og yfirlestri skýrslu lokið föstudaginn 24. júní 2005 kl. ~~12.30~~ 12.30

Yfirlesið staðfest rétt

Skýrslu gerir




Jón Ásgeir Jóhannesson



Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi

Viðstaddur yfirheyrslu, staðfest rétt

Viðstödd og þátttakandi við yfirheyrslu



Gestur Jónsson, hæstaréttarlögmaður



Aldís Hilmarsdóttir, lögreglufulltrúi



RIKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	R L S	
Skýrslu gerir Grímur Grímsson lögreglufulltrúi		Mál nr. 006-2002-0086	V /4.23
Slaður og stund: Skrifstofa efnahagsbrotadeildar RLS, föstudaginn 24. júní 2005, kl. 12:35.			
Sakarefni: Ætluð brot gegn ákvæðum laga um bókhald, ársreikninga og 158. gr. alm. hgl. 19/1940.			
Sakbomningur/grunaður: Jón Ásgeir Jóhannesson		Kennitala: 270168-4509	
Starf/staða: Forstjóri Baugs Group hf.		Vinnusími:	
Lögheimili: Laufásvegur 69, Reykjavík		Sími: 696 9999	
Dvalarstaður:		Sími:	

Jón Ásgeir Jóhannesson er mættur til yfirheyrslu hjá lögreglu á skrifstofu efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjórans, samkvæmt boðun.

Jóni Ásgeiri er kynnt ástæða skýrslutökunnar sem varðar ráðstöfun fjármuna Baugs og færslur í bókhald félagsins vegna vörslureiknings Baugs hf. hjá Kaupthing Bank í Luxembourg.

Jóni Ásgeiri er kynnt að honum sé óskyldt að tjá sig um meint sakarefni sbr. 3. mgr. 32. gr. laga um meðferð opinberra mál nr. 19/1991. Brýnt er fyrir Jóni Ásgeiri að kjósi hann að tjá sig um meint sakarefni að draga þá ekkert undan sem máli kunni að skipta, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 19/1991.

Jón Ásgeir kveðst aðspurður skilja tilefni yfirheyrslunnar og tilvitnuð réttarfarsákvæði. Með Jóni Ásgeiri er mættur Gestur Jónsson hrl. skipaður verjandi Jóns Ásgeirs og verður hann viðstaddur yfirheyrsluna.

Jóni Ásgeiri er kynntur eftirfarandi hluti úr yfirheyrslu hans hjá lögreglu dags. 25. maí 2005.

**„Færsla nr. L0619 dags. 30.06.2000 með texta: „Þóknun vegna hlutabréfakaupa“**

Lykill	Heiti lykils	Debet.	Kredit
V560882-0419	Kaupping	13.045.954,00	
F 19922	Tekjur utan samstæðu án vsk		13.045.954,00

Um er að ræða færslu, til eignar á viðskiptamannareikningi Kauppings hf. Fylgiskjal með færslunni er útprentun úr færslubók.

Jón Ásgeir er beðinn um að skýra þessa tekjufærslu.

Jón Ásgeir kveðst ekki geta skýrt þetta en segir að það hljóti að vera til á þessu eðlileg skýring.“

Jóni Ásgeiri er einnig kynnt að í yfirheyrslu hjá lögreglu dags. 27. maí 2005 hafi Auðbjörg Friðgeirsdóttir vísað til greinargerðar hennar dags. 30. júní 2004, sem meðfylgjandi var greinargerð Hreins Loftssonar dags. 30. júní 2004, sem hann afhenti lögreglu við skýrslutöku dags. 26. maí 2005. Í nefndri greinargerð Auðbjargar vísar hún til upplýsinga frá Jóni Ásgeiri varðandi tekjufærslu að fjárhæð kr. 13.045.954,00. Greinargerðin er lögð fyrir Jón Ásgeir.

Jóni Ásgeiri er einnig kynntur eftirfarandi framburður Tryggva Jónssonar sem hann gaf við yfirheyrslu hjá lögreglu dags. 6. júní 2005 þegar hann hafi verið spurður um tekjufærslu á viðskiptamannareikningi Kauppings hjá Baugi að fjárhæð kr. 13.045.954,00:

07218 M

„Tryggvi kveðst telja að um sé að ræða þóknun vegna sölu á hlutabréfum í Baugi til þriðja aðila. Tryggvi segir að í hlutabréfaútboðum félagsins hafi hann og Jón Ásgeir unnið í því að finna kaupendur að hlutabréfum í Baugi og hafi þeir farið fram á að fá hluta að sölubóknun Kaupþings vegna þessa og hafi það gengið eftir. Tryggvi kveðst að öðru leyti vísa til Jóns Ásgeirs hvað þetta varðar.“

Jón Ásgeir er nú spurður hvort hann kannist við skýringar Auðbjargar og Tryggva varðandi tekjufærslu á viðskiptamannareikning Kaupþings hjá Baugi að fjárhæð kr. 13.045.954,00.

Jón Ásgeir segir að þegar þessi gögn séu lögð fyrir hann kannist hann við þessar skýringar.

Jón Ásgeir er spurður við hvern hjá Kaupþingi hann hafi haft samskipti við vegna tekjufærslu á viðskiptamannareikning Kaupþings hjá Baugi að fjárhæð kr. 13.045.954,00 sem komin hafi verið til vegna sölubóknunar hlutabréfa í Baugi.

Jón Ásgeir segir að hann geti staðfest að þessi tekjufærsla hafi ekki tengst á nokkurn hátt vörslureikningi Baugs hjá Kaupthing Bank í Luxembourg. Jón Ásgeir segir að Baugur hafi verið milligönguaðili varðandi kaup Reitan Grubben á hlutabréfum í Baugi af Kaupþingi. Jón Ásgeir segir að hann muni ekki glögggt við hvern hjá Kaupþingi höfð hafi verið samskipti við vegna þessa en kveðst telja að það hafi verið Sigurður Einarsson. Jón Ásgeir segir að um veruleg kaup hafi veirið að ræða, sennilega nokkurra miljarða virði en kveðst ekki muna nú hvert hafi verið kaupverðið. Jón Ásgeir segir að verið geti að Kaupþing hafi safnað saman þessum hlutabréfum frá nokkrum aðilum og selt Reitan Grubben.

Jón Ásgeir er spurður hvernig hafi átt að ganga frá þessu á milli félaganna.

Jón Ásgeir segir að hann muni það ekki nú hvort senda hafi átt reikning til Kaupþings eða hvernig hafi átt að ganga frá þessum málum að öðru leyti.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann geti framvísað gögnum vegna þessa.

Jón Ásgeir segir að hann hafi engin gögn persónulega en verið geti að Baugur hafi gögn þetta varðandi og verði að beina fyrirspurnum um það til félagsins.

Jóni Ásgeiri er nú kynnt að rannsóknari hafi lokið yfirheyrslu.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann vilji koma einhverju á framfæri varðandi það efni sem hann hefur verið yfirheyrður um í dag.

Jón Ásgeir segir svo ekki vera.

Jón Ásgeir les nú yfir framburð sinn.

Skýrslutöku lauk kl. 12<sup>30</sup>

Staðfest rétt eftir haft,

Jón Ásgeir Jóhannesson

Skýrsluna skráði,

Grímur Grímsson lögreglufulltrúi

Viðstaddur yfirheyrslu,

Gestur Jónsson hrl.

RIKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	R L S	
Skýrslu gerir	Grímur Grímsson lögreglufulltrúi	Mál nr.	006-2002-0086
Staður og stund:	Skrifstofa efnahagsbrotadeildar RLS, föstudaginn 24. júní 2005, kl. 12:53		V /4.24
Sakarefni:	Ætluð brot gegn ákvæðum laga um hlutafélög og almennum hegningarlögum.		
Sakborningur/grunaður:	Jón Ásgeir Jóhannesson	Kennitala:	270168-4509
Starf/staða:	Forstjóri Baugs Group hf.	Vinnusími:	
Lögheimili:	Laufásvegur 69, Reykjavík	Sími:	696 9999
Dvalarstaður:		Sími:	

Jón Ásgeir Jóhannesson er mættur til yfirheyrslu hjá lögreglu á skrifstofu efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjórans, samkvæmt boðun.

Jóni Ásgeiri er kynnt tilefni yfirheyrslunnar sem varðar ætluð brot hann gegn ákvæðum XXVI. kafla alm. hgl. nr. 19/1940 og 104. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög varðandi færslur á viðskiptamannareikning Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. hjá Baugi hf. árin 1998 – 2001 (28.2. 2002).

Jóni Ásgeiri er kynnt að honum sé óskilyt að tjá sig um meint sakarefni sbr. 3. mgr. 32. gr. laga um meðferð opinberra mál nr. 19/1991. Brýnt er fyrir Jóni Ásgeiri að kjósi hann að tjá sig um meint sakarefni að draga þá ekkert undan sem máli kunni að skipta, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 19/1991.

Jón Ásgeir kveðst aðspurður skilja tilefni yfirheyrslunnar og tilvitnuð réttarfarsákvæði. Með Jóni Ásgeiri er mættur Gestur Jónsson hrl. skipaður verjandi Jóns Ásgeirs og verður hann viðstaddur yfirheyrsluna.

Jóni Ásgeiri hefur verið afhent greinargerð endurskoðenda efnahagsbrotadeildar RLS, dags. 27. maí 2005, en í greinargerðinni er fjallað um greiningu á bókhaldsfærslum á viðskiptamanna- og lánardrottnareikninga Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. í bókhaldi Baugs hf. 1998-28.2.2002. Greinargerðin liggur frammi.

Jón Ásgeir er nú spurður hvort hann vilji koma á framfæri athugasemdum við nefnda greinargerð.

Jón Ásgeir segir að endurskoðendur Baugs vinni nú að greinargerð vegna greinargerðar endurskoðenda efnahagsbrotadeildar og verði hún afhent lögreglu í næstu viku. Jón Ásgeir kveðst vísa til þessarar greinargerðar endurskoðenda Baugs varðandi athugasemdir við greinargerð endurskoðenda efnahagsbrotadeildar.

Jón Ásgeir les nú yfir framburð sinn.

Skýrslutöku lauk kl. 12<sup>57</sup>

Staðfesti rétt eftir haft.

Jón Ásgeir Jóhannesson

Skýrsluna skráði.

Grímur Grímsson lögreglufulltrúi

Viðstaddur yfirheyrslu,

Gestur Jónsson hrl.

07220

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	R L S	
Skýrslu gerir	Grímur Grímsson lögreglufulltrúi	Mál nr.	006-2002-0086
Staður og stund:	Skrifstofa efnahagsbrotadeildar RLS, föstudaginn 24. júní 2005, kl. 12:58		V/14.25
Sakarefni:	Ætluð brot gegn ákvæðum laga um hlutafélög og almennum hegningarlögum.		
Sakborningur/grunaður:	Jón Ásgeir Jóhannesson	Kennitala:	270168-4509
Starf/staða:	Forstjóri Baugs Group hf.	Vinnusími:	
Lögheimili:	Laufásvegur 69, Reykjavík	Sími:	696 9999
Dvalarstaður:		Sími:	

Jón Ásgeir Jóhannesson er mættur til yfirheyrslu hjá lögreglu á skrifstofu efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjórans, samkvæmt boðun.

Jóni Ásgeiri er kynnt tilefni yfirheyrslunnar sem varðar ætluð brot hans gegn ákvæðum XXVI. kafla alm. hgl. nr. 19/1940 og 104. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög þegar hann lét færa til eignar á viðskiptareikning sinn hjá Baugi hf. einkaúttektir sínar á árunum 1998 – 2001 (28.2. 2002).

Jóni Ásgeiri er kynnt að honum sé óskyldt að tjá sig um meint sakarefni sbr. 3. mgr. 32. gr. laga um meðferð opinberra mál nr. 19/1991. Brýnt er fyrir Jóni Ásgeiri að kjósi hann að tjá sig um meint sakarefni að draga þá ekkert undan sem máli kunni að skipta, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 19/1991.

Jón Ásgeir kveðst aðspurður skilja tilefni yfirheyrslunnar og tilvitnuð réttarfarsákvæði. Með Jóni Ásgeiri er mættur Gestur Jónsson hrl. skipaður verjandi Jóns Ásgeirs og verður hann viðstaddur yfirheyrsluna.

Jóni Ásgeiri hefur verið afhent greinargerð endurskoðenda efnahagsbrotadeildar RLS, dags. 15. júní 2005, en í greinargerðinni er fjallað um greiningu á bókhaldsfærslum á viðskiptamannareikning Jóns Ásgeirs Jóhannessonar í bókhaldi Baugs hf. 1998-28.2.2002. Greinargerðin liggur frammi.

Jón Ásgeir er nú spurður hvort hann vilji koma á framfæri athugasemdum við nefnda greinargerð.

Jón Ásgeir segir að innri og ytri endurskoðendur Baugs vinni nú að greinargerð vegna greinargerðar endurskoðenda efnahagsbrotadeildar og verði hún afhent lögreglu í næstu viku. Jón Ásgeir kveðst vísa til þessarar greinargerðar endurskoðenda Baugs varðandi athugasemdir við greinargerð endurskoðenda efnahagsbrotadeildar.

Jón Ásgeir les nú yfir framburð sinn.

Skýrslutöku lauk kl. 13<sup>04</sup>.

Staðfest rétt eftir haft,

Jón Ásgeir Jóhannesson

Skýrsluna skráði,

Grímur Grímsson lögreglufulltrúi

Viðstaddur yfirheyrslu

Gestur Jónsson hrl.

07221

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	R L S	
Skýrslu gerir Grímur Grímsson lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-0086	V / 4.26	
Staður og stund: Skrifstofa efnahagsbrotadeildar RLS, föstudaginn 24. júní 2005, kl. 13:07			
Sakarefni: Ætluð brot gegn ákvæðum laga um hlutafélög, ársreikninga, bókhald og almennum hegningarlögum.			
Sakborningur/grunaður: Jón Ásgeir Jóhannesson	Kennitala: 270168-4509		
Starf/staða: Forstjóri Baugs Group hf.	Vinnusími:		
Lögheimili: Laufásvegur 69, Reykjavík	Sími: 696 9999		
Dvalarstaður:	Sími:		

Jón Ásgeir Jóhannesson er mættur til yfirheyrslu hjá lögreglu á skrifstofu efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjórans, samkvæmt boðun.

Jóni Ásgeiri er kynnt tilefni yfirheyrslunnar sem varðar ætluð brot hans gegn ákvæðum XXVI. kafla alm. hgl. nr. 19/1940 svo og ákvæðum laga um hlutafélög, ársreikninga og bókhald.

Jóni Ásgeiri er kynnt að honum sé óskýlt að tjá sig um meint sakarefni sbr. 3. mgr. 32. gr. laga um meðferð opinberra mál nr. 19/1991. Brýnt er fyrir Jóni Ásgeiri að kjósi hann að tjá sig um meint sakarefni að draga þá ekkert undan sem máli kunni að skipta, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 19/1991.

Jón Ásgeir kveðst aðspurður skilja tilefni yfirheyrslunnar og tilvitnuð réttarfarsákvæði. Með Jóni Ásgeiri er mættur Gestur Jónsson hrl. skipaður verjandi Jóns Ásgeirs og verður hann viðstaddur yfirheyrsluna.

Jóni Ásgeiri er nú afhent greinargerð endurskoðenda efnahagsbrotadeildar RLS, dags. 23. júní 2005, en í greinargerðinni er fjallað um kreditfærslu í bókhaldi Baugs vegna reiknings frá P/F SMS Færeyjum að fjárhæð DKR 3.900.000,00, dags. 30. júní 2001.

Jóni Ásgeiri er kynnt að hann hafi áður verið yfirheyrður um sakarefnið og gögn þau sem greinargerðin byggir á hafi verið grundvöllur þeirra yfirheyrslna.

Jóni Ásgeiri er nú afhent greinargerð endurskoðenda efnahagsbrotadeildar RLS, dags. 23. júní 2005, en í greinargerðinni er fjallað um kreditfærslu í bókhaldi Baugs vegna reiknings frá Nordica Inc. að fjárhæð USD 589.890,00.

Jóni Ásgeiri er kynnt að hann hafi áður verið yfirheyrður um sakarefnið og gögn þau sem greinargerðin byggir á hafi verið grundvöllur þeirra yfirheyrslna.

Jóni Ásgeiri er nú afhent greinargerð endurskoðenda efnahagsbrotadeildar RLS, dags. 23. júní 2005, en í greinargerðinni er fjallað um færslur og fylgiskjöl í bókhaldi Baugs Group hf. vegna sölu félagsins á 3,1 milljón hluta í Arcadia Group Plc. í árslok 2000 og kaupa á sama fjölda hluta í Arcadia Group Plc. í ársbyrjun 2001 á umtalsvert herra gengi.

Jóni Ásgeiri er kynnt að hann hafi áður verið yfirheyrður um sakarefnið og gögn þau sem greinargerðin byggir á hafi verið grundvöllur þeirra yfirheyrslna.

07222

Jóni Ásgeiri er nú afhent greinargerð endurskoðenda efnahagsbrotadeildar RLS, dags. 23. júní 2005, en í greinargerðinni er fjallað um færslur og fylgiskjöl í bókhaldi Baugs Group hf. varðandi hreyfingar á vörslureikningi félagsins hjá Kaupthing Bank Luxembourg.

Jóni Ásgeiri er kynnt að hann hafi áður verið yfirheyrður um sakarefnið og gögn þau sem greinargerðin byggir á hafi verið grundvöllur þeirra yfirheyrsla.

Jóni Ásgeiri er nú afhent greinargerð endurskoðenda efnahagsbrotadeildar RLS, dags. 23. júní 2005, en í greinargerðinni er fjallað um færslur og fylgiskjöl í bókhaldi Baugs Group hf. og Gaums ehf varðandi hlutafjárkaup í Vöruveltunni hf.

Jóni Ásgeiri er nú afhent greinargerð endurskoðenda efnahagsbrotadeildar RLS, dags. 22. júní 2005, en í greinargerðinni er fjallað um greiningu á hreyfingum viðskiptamanna- og lánardrottnareikninga hlutahafa og stjórnenda Baugs frá 1998 – 28. ágúst 2002.

Jóni Ásgeiri er kynnt að hann hafi áður verið yfirheyrður um sakarefnið og gögn þau sem greinargerðin byggir á hafi verið grundvöllur þeirra yfirheyrsla.

Jón Ásgeir er nú spurður hvort hann vilji koma á framfæri athugasemdum við þær greinargerðir sem honum hafa verið afhentar í dag.

Jón Ásgeir segir að muni koma á framfæri athugasemdum en þær verða ekki fram settar í dag.

Jón Ásgeir les nú yfir framburð sinn.


Skýrslutöku lauk kl. 13<sup>20</sup>

Staðfest rétt eftir haft,



Jón Ásgeir Jóhannesson

Skýrsluna skráði,



Grímur Grímsson lögreglufulltrúi

Viðstaddur yfirheyrslu,



Gestur Jónsson hrl.

Viðstíð:

